



**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson um Eurovision, fordóma og fjölbreytni. **15**



**MENNING** Sjö verkefni hlutu styrk úr Hönnunar-sjóði Aururu í ár. **22**



**LÍFÍÐ** Natasha Monay Royal er með götudansinn í blóðinu. **30**



**SPORT** Man. City er Englandsmestari en Liverpool fékk silfur. **26**

# LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

12. maí 2014

110. tölublað 14. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Fordæma kosningu

Úkraínustjórn og Vesturlönd fordæma kosningu um sjálfstæði tveggja héraða í Úkraínu. Efna á til atkvæðagreiðslu um næstu helgi um innlimun héraðanna í Rússland. **8**

**Skoða lög um myglusveppi** Lög og reglur verða tekin til skoðunar af starfshópi vegna myglusveppa og tjóns af völdum þeirra. Dæmi um að fólk missi aleigu sína meðan aðrir missa heilsuna. **6**

**Vilja samning á borðið** Hafnarfjarðarbær hefur krafði Stálskip um afrit af kaupsamningi vegna sölu fyrirtækisins á togaranum Þór Hf-4. **6**

**Upplausn í Nígeríu** Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna segir að flóttamannastraumurinn frá Nígeríu muni aukast mjög á næstunni vegna ofbeldisverka Boko Haram. **12**



SHALDÖR  
14

Bolungarvík	3°	NA	6
Akureyri	4°	NA	3
Egilsstaðir	4°	A	4
Kirkjubæjarkl.	6°	SA	3
Reykjavík	8°	S	6

**Hæg breytileg** átt víða um land og súld á köflum SV- og V-lands. Hiti á bilinu 2-11 stig, hlýjast SV-lands. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



# Tillögur sagðar kollvarpa séreignarsparnaðarkerfinu

Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins Stapa segir tillögur um framtíðarskipan húsnæðismála ganga af séreignarsparnaðarkerfinu dauðu. Framkvæmdastjóri Landsamtaka Lífeyrissjóða tekur í svipaðan streng.

**FJÁRMÁL** Í tillögum um framtíðarskipan húsnæðismála, sem félags- og húsnæðismálaráðherra kynnti á þriðjudaginn, segir að stefnt skuli að því að varanlega verði hægt að nýta séreignarsparnað til fasteignakaupa. Kára Arnóri Kárasyni, framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins Stapa, list illa á tillögurnar.

„Það er nokkurn veginn verið að ganga af viðbótarlífeyrissparnaðarkerfinu dauðu. Þetta er ekki lífeyrissparnaður ef þetta á að vera varanlegur valkostur. Að mínu viti kemur það ekki til álita að lífeyrissjóðir séu nýttir í að innheimta iðgjöld af launagreiðendum til þess að greiða einhverjum lána-

stofnunum fyrir einstaklinga. Lífeyrissjóðirnir eru ekki til þess. Ef menn vilja búa til eitthvað sem heitir húsnæðissparnaður á það ekki að fara í gegnum lífeyrissjóðina,“ segir Kári Arnór.

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, hefur einnig efasemdir.

„Það vekur spurningar að lagt sé til að séreignarsparnaðarkerfinu verði nánast breytt í varanlegt húsnæðissparnaðarkerfi. Það er andstætt upphaflegu hugmyndinni sem gengið var út frá með stofnun viðbótarlífeyrissparnaðarkerfis,“ segir Þórey og bætir við að Landssamtök lífeyrissjóða muni

stofna starfshóp á næstu dögum til að fara yfir tillögurnar og áhrif þeirra á lífeyrissjóðina.

Í tillögunum kemur einnig fram að stefnt skuli að því að ný neytendalán til fasteignakaupa verði óverðtryggt. Verðtryggt skuldbréf Íbúðalánasjóðs eru einn stærsti eignaflokkur lífeyrissjóða. Verði fasteignalán ekki lengur verðtryggt mun Íbúðalánasjóður eða arftaki hans ekki gefa út verðtryggt skuldbréf.

Því segir Kári: „Ef það verða engar útgáfur af verðtrygðum skuldbréfum mun það gera okkur erfiðara um vik að greiða verðtrygðan lífeyri.“ Kári bendir

„Þetta er ekki lífeyrissparnaður ef þetta á að vera varanlegur valkostur.“

Kári Arnór Kárasyni, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins Stapa.

einnig á að verðtrygging sé mjög víðtæk í íslensku samfélagi.

„Eðlilegast væri, ef afnema á verðtryggingu af einum lið, að taka hana út úr öðrum liðum líka. Vandamál lífeyrissjóðanna er að allar okkar skuldbindingar eru verðtryggðar en ekki nema um helmingur af eignunum er verðtryggður,“ segir Kári Arnór.

- ih



Launadeilur hjá Ícelandair:

## Kenna hvorir öðrum um

**SAMGÖNGUMÁL** Ícelandair kennir skæruheraði flugmanna um að 21 flug félagsins hafi fallið niður í gær.

Hafsteinn Pálsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna, hafnar því en segir Ícelandair hafa fellt niður fjögur flug þrátt fyrir að hafa mannaða áhöfn.

Upplýsingafulltrúi Ícelandair, Guðjón Arngrímsson, neitar því. Hann segir málið eiga sér eðlilegar skýringar.

Guðjón bætir við að flug muni geta fallið niður með stuttum fyrirvara ef samningar nást ekki. Þó er ekki gert ráð fyrir að flug falli niður í dag.

Samningafundur verður hjá ríkissáttasemjara í dag. Guðjón segir launakröfur flugmanna mjög háar.

Innanríkisráðherra útlokak ekki að setja lög á verkfallið. -ih/sjá síðu 4

**VORVERK Í REYKJAVÍK** Garðeigendur eru í óðaönn að koma lóðum sínum úr vetrarhamnum enda skriður kominn á vorið og sumarið á næsta leiti. Trjágreinabingurinn hjá Sorpu í Gufunesi var orðinn býsna myndarlegur síðdegis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Næst besti flokkurinn í Kópavogi sakar sjálfstæðismenn um njósir:

## Skylt að kanna meðmælendur

**KÓPAVOGUR** Næst besti flokkurinn í Kópavogi gagnrýnir að umboðsmaður Sjálfstæðisflokksins, Bragi Michaelsson, óski eftir því við kjörstjórn að fá meðmælendalista annarra framboða. Það lýsi miklu vantrausti á störf kjörstjórnar.

„Leyfum við okkur að efast um

að tilgangur beiðni Braga Michaelssonar sé ærlegur heldur séu hér á ferðinni gamaldags aðferðir í anda austurbýsku leyniþjónustunnar Stasi, til þess að stunda persónunjósnir um kjósendur,“ segir í yfirlýsingu.

„Okkur ber skylda til að sjá til

þess að meðmælendur og meðmæli með öllum framboðum séu rétt,“ svarar Bragi og útskýrir að listarnir gagnist í kosningaundirbúningnum. „Mér finnst engin ástæða þess að Sjálfstæðisflokkurinn sé að hafa samband við fólk sem hefur mælt með öðrum framboðum.“ - gar

## RJÓMINN AF SÝRÐA RJÓMANUM

NÝTT



GOTTIMATINN.IS

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT



## Frábært fitubrennsluefni

Ný sending komin í verslanir!



gengurvei.is

## SPURNING DAGSINS



Baldvin, er það von þín að vonarstjórnur Vonarstrætis valdi ekki vonbrigðum?

„Ég bind miklar vonir við það.“  
Baldvin Z er leikstjóri kvikmyndarinnar Vonarstræti sem er frumsýnd í kvikmyndahúsum landsins 16.maí.

Sjúkraliðar og ófaglærðir starfsmenn deila við hjúkrunarheimili um réttindi:

## Verkfall á hjúkrunarheimilum

**HEILBRIGÐISMÁL** Í dag milli klukkan átta og fjögur skellur á verkfall hjá á fimmta hundrað sjúkraliðum og ófaglærðum starfsmönnum hjúkrunarheimila fyrir aldraða.

Gísli Páll Pálsson, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, segir þó að enginn verði í hættu á morgun og öllum verði sinnt.

„Það verður ekki neyðarástand. Allir munu fá matinn sinn og lyfin sín. Vaktin

verður mönnuð hjúkrunarfræðingum, ófaglærðum starfsmönnum og einhverjum sjúkraliðum á undanþágu frá verkfalli. Einhverjir aðstandendur munu einnig hjálpa til,“ segir Gísli.

Önnur átta tíma vinnustöðvun



GÍSLI PÁLL PÁLSSON

verður á fimmtudaginn og aftur þann 19. maí. Verði ekki samið fyrir 22. maí skellur á verkfall.

Deilan snýst ekki um laun heldur vilja sjúkraliðar fá réttindi líkt og aðrir ríkisstarfsmenn.

Gísli segir Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu tilbúin til samninga. Hann telur um helminglíkur á að samið verði áður en næstu verkfallsaðgerðir skella á, á fimmtudaginn.

-ih

Ólufleit á Drekasvæðinu:

## Eykon velur Reyðarfjörð

**ORKUMÁL** Eykon Energy hefur valið Reyðarfjörð úr fimm bæjarfélögum sem þjónustumiðstöð fyrir olufleit og olíuvinnslu á Drekasvæðinu.

Haukur Óskarsson, stjórnarmaður Eykon, segir staðsetningu, innviði og reynslu bæjarfélagsins af stórum verkefnum hafa skipt sköpum. Jens Garðar Helgason, formaður bæjarráðs Fjarðarbyggðar, segir þessa ákvörðun Eykon skapa gríðarleg tækifæri fyrir bæjarfélagið.

-ih



Í RAUÐUM SKYRTUM Stuðningsmenn stjórnar Yingluck Shinawatra mæta til leiks í einkennisklæðnaði sínum, nefnilega rauðum skyrtum og bolum. NORDICPHOTOS/AFP

Stuðningsmenn stjórnar Yingluck Shinawatra mótmæla:

## Segja hættu á borgarastyrjöld

**TAÍLAND, AP** Stuðningsmenn stjórnar Yingluck Shinawatra segja hættu á því að borgarastyrjöld brjótist út, ákveði dómstólar og öldungadeild þingsins að koma til valda nýrri stjórn, sem ekki er kosin í lýðræðislegum kosningum.

Stjórnlagadómstóll landsins komst í síðustu viku að þeirri niðurstöðu að Yingluck gæti ekki lengur gegnt embætti forsætisráðherra vegna spillingsmáls, sem hún er sögð sek í.

Bráðabirgðastjórn landsins, sem tók við af stjórn Shinawatra, bað fólk hins vegar um að taka ekki þátt í mótmælum til stuðnings Shinawatra.

Bæði stuðningsmenn og andstæðingar hennar hafa efnt til mótmæla í höfuðborginni Bangkok nú um helgina. -gb

Pakklát fyrir læknishjálp:

## Gáfu 1 milljón til Landspítala

**GÓÐGERÐARMÁL** Hjón sem ekki vilja láta nafna sinna getið gáfu eina milljón króna til þjarkasöfnunarinnar á Landspítala.

„Að baki liggur mikið þakklæti fyrir góða þjónustu þvafæraskurðeildarinnar við eiginmanninn sem færði lífi hans nýtt gildi,“ segir á vef Landspítalans. Þjarki er vélmanni sem nota við þvafæraskurðlækningar. „Segja má að þjarkinn sé framlenging á fingrum skurðlæknisins þannig að allar hreyfingar hans verði nákvæmari,“ segir á vef spítalans. -gar

Björt framtíð staðfestir:

## Býður fram á ný stöðum

**STJÓRNMÁL** Björt framtíð skýrði í gær frá því að framboð á vegum hennar til sveitarstjórnarkosninga nú í vor verði í nýu sveitarfélögum.

Flokkurinn býður fram á Akureyri og Akranesi, í Árborg, Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ og Snæfellsbæ, á Ísafirði og í Reykjavík.

Þá hefur verið ákveðið að flokkurinn bjóði fram undir listabókstafnum Æ, sama bókstaf og Besti flokkurinn notaði í síðustu sveitarstjórnarkosningum. -gb

# Pollar hæstánægðir með sigurvegarann

Appelsínuguli pollinn Snæbjörn Ragnarsson er ánægður með hvernig fór í Eurovision. Hann segir Pollapönkara hafa fengið ótal bréf frá fólki sem þakkar þeim fyrir mikilvægan boðskap og er alveg hæstánægður með sigurvegara keppninnar.

**TÓNLIST** „Þetta var rosalega gaman. Okkur fannst pressunni af okkur létt þegar við komumst áfram úr undanriðlinum þannig að við vöknudum brosandí, hressir og glaðir á laugardag. Dagurinn var ótrúlega auðveldur – bara eitt gott og stórt parti,“ segir appelsínuguli pollinn Snæbjörn Ragnarsson í Pollapönki.

Sveitin lenti í 15. sæti í Eurovision-keppninni í Kaupmannahöfn á laugardagskvöld með lagið Enga fordóma, eða No Prejudice. Snæbjörn segir þá Pollapönkara ekki hafa velt sér upp í spám. „Eina sem við vissum var að við færum á svið og gerðum það sem við gerum best,“ segir hann.

Austurríska dragdrottningin Conchita Wurst fór með sigur úr býtum í Eurovision. Segir Snæbjörn íslenska hópinn hæstánægðan með það. „Hún er algerlega glæsileg. Það var mikið talað um að hún væri öðruvísi en hún vann ekkert út af því að hún þótti skrýtin heldur var lagið gott og hún er svo mikill listamaður. Þetta val skapar líka umræðu og við fögnum því klárlega.“

Aðspurður um hvernig Pollapönkarar hafi eytt kvöldinu eftir úrslitin segir Snæbjörn að þeir hafi fagnað höflega enda verið dálítið þreyttir. „Við skáluðum og fórum upp á hótél þar sem við vorum með samsæti í lobbýinu. Síðan fóru fólk bara sína leið, sumir fóru á klúbb en aðrir fóru upp á herbergi. Við vorum flestir búnir að sofa lítið og fundum fyrir spennufallinu þannig að daginn eftir tékkuðum við okkur út af herbergjunum og röltum um



HÖFÐU ÁHRIF Snæbjörn heldur að Pollapönkarar hafi haft áhrif á ansi marga. MYND/EUROVISION

niðri í bæ, hver í sínu lagi. Verkefnið er búið og við erum ánægðir með okkur.“

Snæbjörn segir Pollapönkara vissulega hafa aflað sér aðdáenda víða um Evrópu. „Við höfum verið stoppaðir af alls konar fólki, alls staðar að, sem veit hverjir við erum. Ég vissi að þetta væri risastórt batterí en ég áttaði mig ekki á því hve ofboðslega stórt þetta væri. Ég held að Pollarnir hafi haft áhrif á ansi marga. Við höfum fengið fullt af persónulegum póstum þar sem fólk þakkar fyrir að við séum að vekja athygli á þessu málefni sem er bara frábært.“

Nú tekur raunveruleikinn við og Snæbjörn mættur aftur til vinnu á auglýsingastofunni Pipar/TBWA. „Nú er sápukulán sprungin. Ég get örugglega ekki séð appelsínugulan lit aftur án þess að fá Eurovision-fíling. Það kom skemmtilega á

20% 20% héldu að Ísland myndi lenda í 16. sæti.

9% 9% tippuðu á 10. sæti og 8% á 20. sæti.

15 Að meðaltali héldu Íslendingar að lagið myndi lenda í 15. sæti sem varð raunin.

óvart hvað var gaman að vera með naglalakk og ég á örugglega eftir að vera með naglalakk aftur til hátíðabrigða. En nú er ég kominn aftur í hermannaklossana,“ segir Snæbjörn Ragnarsson.

liljakatrin@frettabladid.is

Fyrirtækið Hestavinir fer af stað með nýstárlega þjónustu í Víðidal:

## Boðið upp á áskrift að hestum

**HESTAMENNSKA** Hestamennska getur verið harla dýrt sport, en um þessar mundir er hópur nemenda í nýsköpun við Háskólann í Reykjavík að stofna fyrirtæki sem gerir fólki kleift að stunda hestamennsku án mikils tilkostnaðar.

Meiningin er að bjóða fólki upp á áskrift að hestum. Þannig þarf fólk hvorki að kaupa hest né leigja pláss fyrir hann. Fólk losnar einnig við að þurfa að láta járna hann og fara með hann til dýralæknis.

Fyrirtækið, sem heitir Hestavinir, hyggst sjá um allt þetta stúss en veitir áskrifendum reglulegt aðgengi að hesti. Innifalið í áskriftinni verður aðgangur að sama hestinum, hnakkur, beisli og hjálmur, auk þess sem fóður, hirðing og annar rekstrarkostnaður er innifalinn.

„Með því að gerast áskrifandi færðu aðgang að hesti og þarft ekki að hugsa um neitt annað en að hreyfa hestinn og sinna honum á þínum tíma,“ segir Anna Bára Teitsdóttir, einn nemanna í nýsköpun, en hún er talsmaður fyrirtækisins.

„Þannig getur fólk kynnst hestamenskunni betur og stundað þetta skemmtilega áhugamál af þeim krafti sem hver og einn treystir sér til.“ -gb




**HESTAR** Áskrifendur fá reglulegan aðgang að sama hestinum, en losna við umstang og aukakostnað af hestahaldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HÁGÆÐA HEYRNAR-TÆKI**

Kringlunni  
Sími 568 7777  
heyarnarstodin.is

**HEYRNARSTÖÐIN**



**4G**  
LTE

**1.000 kr.**  
notkun í  
12 mánuði  
fylgir!



RunKeeper

Samsung Galaxy S5

**119.990 kr.** stgr.

7.290 kr. /18 mán.



**4G**  
LTE

**1.000 kr.**  
notkun í  
12 mánuði  
fylgir!



Strava


Samsung Galaxy S5

**119.990 kr.** stgr.

7.290 kr. /18 mán.

# Gleðileg hjól!

Fáðu þér rétta snjallsímann með réttu öppunum og hjólaðu í vinnuna á 4G hraða.



**4G**  
LTE

**1.000 kr.**  
notkun í  
6 mánuði  
fylgir!



Endomondo

Samsung Galaxy S4

**79.990 kr.** stgr.

4.890 kr. /18 mán.



**4G**  
LTE

**1.000 kr.**  
notkun í  
6 mánuði  
fylgir!



Cyclemeter

Samsung Galaxy S4

**79.990 kr.** stgr.

4.890 kr. /18 mán.

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

**NOVA**

Verlanir Nova eru í Krínglunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort og brosi á vör +325 kr./mán. greiðslugjald.

SVONA ERUM VIÐ



**20.000** silungar er meðalársveiðin úr Mývatni árin 1900 til 2013.

Samkvæmt veiðiskýrslum var heildarveiðin í Mývatni 2013 aðeins 2.489 silungar.

# Ríkisstjórnin kynnir næstu skref í vinnu við afnám verðtryggingar: Áætlun um afnámið lögð fram

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin samþykkti fyrir helgi framhald vinnu við afnám verðtryggingar af nýjum neytendalánnum. Í nýútkominni skýrslu verkefnastjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála er lagt til að lán húsnæðisráðgjafa verði til framtíðar óverðtryggt, enda hafi nauðsynleg kerfisbreytingar og mótvægisáðgerðir gert það kleift.

Næstu skref í vinnu við afnám verðtryggingar verða að gera óheimilt að bjóða neytendum verðtryggt lán með jöfnum greiðslum til

lengri tíma en 25 ára, að lágmarks-tími lánanna verði lengdur í allt að tíu ár og að takmarkanir verði gerðar á veðsetningu vegna þeirra.

Hvatt verður til tóku og veitinga óverðtryggðra lána með sérstökum áðgerðum. Einnig mun starfshópur finna leiðir til að sporna gegn því að sjálfvirkar hækkningar á vöru og þjónustu kyndi undir verðbólgu. Að auki verður skipuð Verðtryggingarvakt til að tryggja samfellu í framgangi áætlunar um afnám verðtryggingarinnar.



**HÚSNÆÐISLÁN** Lagt er til að lán húsnæðisráðgjafa verði óverðtryggt til framtíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Neftóbak sækir í sig veðrið: Salan jókst um nær 42 prósent

**VERSLUN** Sala á neftóbaki jókst um nærri 42 prósent fyrstu fjóra mánuði ársins samkvæmt tölum frá ÁTVR. Yfir tíu þúsund kíló seldust af neftóbaki frá janúar til apríl en rúmlega sjö þúsund kíló á sama tímabili í fyrra. Neftóbak er einnig notað sem munntóbak.

Sala sígarettu jókst um 8,8 prósent en samdráttur varð í sölu vindla um 1,9 prósent. Þá jókst sala áfengis um þrjú prósent fyrstu fjóra mánuði ársins.

-lkj



**VARMÁ** Fiskar drápuft í mengunarslysi í Varmá fyrir fimm árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Framkvæmdir í Reykjadal:

## Aurugt vatn barst í Varmá

**UMHVERFISMÁL** „Umhverfisnefnd hvarmar að aurugt vatn hafi runnið í stórum stíl í Varmá vegna framkvæmda eftir í Reykjahverfi,“ segir í bókun umhverfisnefndar Mosfellsbæjar.

Ráðist mun hafa verið í mót-vægisáðgerðir og á umhverfissvið bæjarins að fylgjast náið með framkvæmdum á næstunni. Þá vill umhverfisnefndin að Mosfellsbær setji metnaðarfullar verklagsreglur um umgengni á viðkvæmum náttúrusvæðum sem framkvæmdaáðilum verður gert að vinna eftir. Mikilvægt sé að nefndin verði framvegis höfð með í ráðum, sem ekki hafi verið gert í þessu tilvik.

-gar

Óhapp á kosningaskrifstofu:

## Leki kostar VG milljónir króna

**AKUREYRI** Heitavatsnrör sprakk á kosningaskrifstofu Vinstri hreyfingarinnar, græns framboðs á Akureyri aðfararnótt sunnudags. Að sögn Sóleyjar Bjarkar Stefánsdóttur, oddvita VG, hleypur tjónið á milljónum.

„Það á eftir að koma í ljós hve mikið tjónið er og hvort við getum haldið áfram að vinna á skrifstofunni. Væntanlega þarf að rífa innan úr loftinu og fleira. Við getum örugglega ekki haft opið í dag,“ sagði Sóley í gær. Meðal verðmæta á skrifstofunni eru málverk eftir Hrönn Einarsdóttur.

-lkj

# Flugi aflýst og hvorir kenna öðrum um

Málsaðilar kenna hvor öðrum um. Flugmenn og fulltrúar Icelandair funda hjá ríkissáttasemjara í dag. Flugferðir gætu fallið niður með skömmum fyrirvara á næstu dögum. Innanríkisráðherra útilokar ekki að setja lög á verkfallið.

**SAMGÖNGUMÁL** Í gær féll niður 21 flugferð hjá Icelandair. Málið kemur í kjölfar tímabundins verkfalls á föstudaginn samhliða yfirvinnubanni sem mun gilda þar til samningar nást. Icelandair sendi frá sér fréttatilkynningu í gær þar sem full-yrtyr var að flugferðir hefðu fallið niður vegna skæruhernaðar flugmanna.

Hafsteinn Pálsson, formaður formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna, hafnar ásökunum Icelandair. „Málið snýst um að vegna yfirvinnubanns hafa flugmenn færst til á vöktum svo þeir fengu ekki nægjanlega hvíld. Því gat Icelandair ekki mannað ákveðin flug.“

Hafsteinn segir þó fjórum flugferðum hafa verið aflýst þrátt fyrir að búið væri að manna áhöfn. Guðjón Arngrímsson, upplýsinga-fulltrúi Icelandair, hafnar ásökunum Hafsteins.

„Icelandair fellir ekki niður flugferðir nema í ýrtruðu neyð. Það getur verið að í einhverjum tilfellum hafi verið búið að finna flugmenn en það dugar ekki til þegar farþegar eru strandaglópar annars staðar og forsendur flugsins því brostnar.“

Guðjón gerir ekki ráð fyrir að flugferðir muni raskast í dag. Hann segir þó að það geti orðið raunin að flugum verði aflýst með skömmum fyrirvara ef deilan leysist ekki.

Samningsaðilar munu hittast hjá ríkissáttasemjara í dag klukkan eitt. Hafsteinn segir mikið bera í millum.

„Við munum ekki sætta okkur



**FLUG FÉLLU NIÐUR** Flugferðir Icelandair féllu niður í gær og lausn er ekki í sjónmáli.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETER



**HAFSTEINN PÁLSSON**



**GUÐJÓN ARNGRÍMSSON**



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

við kjararýrnun. Flugmenn vinna á taxa. Því geta flugmenn ekki samið um launahækkunir umfram kjarasamninga.“ Guðjón vill lítið tjá sig um samningsmarkmiðin en segir erfitt að vera bjartsýnn þegar kröfur flugmanna eru jafn miklar og raun ber vitni.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra segir að fylgst verði með málinu næstu

daga. „Á meðan ríkissáttasemjari fundar með samningsaðilum mun ríkisstjórnin að svo stöddu ekki aðhafast í málinu. Það er okkar von að samningsaðilar axli ábyrgð og leysi málið.“

Varðandi hugsanlega lagasetningu segir Hanna Birna: „Staðan eins og hún var í dag getur ekki gengið í mjög langan tíma. Við munum ekki setja lög á verkfallið nema í algerri neyð en ef til þess kemur öxlum ábyrgð til að tryggja að samgöngur inn og út úr landinu séu í lagi.“

ingvar@frettabladid.is

# Fólksfækkun á Raufarhöfn: Ætla að hringja í húseigendur

**SVEITARSTJÓRNIR** Norðurþing, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Byggingastofnun og Háskólinn á Akureyri hafa snúið bókum saman og unnið að því að leita lausna á viðvarandi íbúafækkun á Raufarhöfn. Þetta kom fram í bæjarráði Norðurþings.

Þar sem aðgengi að íbúðarhúsnæði sé ein meginforsenda þess að hægt sé að taka á móti fólki eigi að kanna stöðu húsnæðismála á staðnum. „Á næstu dögum verður hringt í skráða eigendur íbúðarhúsa á staðnum í þeim tilgangi að afla upplýsinga um ástand og nýtingu húsnæðisins,“ segir í fundargerð bæjarráðs. -gar

Umdeild síða aftur á kreik:

## Skólafélögum teflt saman

**SKÓLAR** Vefsíðan Peysopicker er komin aftur upp. Þar getur fólk valið á milli nemenda við Verslunarskóla Íslands sem raðast svo í topp tíu lista.

Vísir fjallaði um síðuna í mars en þá var aðeins hægt að velja á milli stúlkna í fjórða bekk í skólanum. Nú er hins vegar hægt að velja á milli stráka annars vegar og stúlkna hins vegar. Síðan vísar til Peysufatadagsins sem haldinn er í skólanum árlega. „Vefsíðan svertir orð nemendafélagsins sem fordæmir hana algjörlega,“ segir í yfirlýsingu frá Sigrúnu Dís Hauksdóttur, forseta nemendafélagsins. -sáp



**Ideal STANDARD**

## Sturtuset


Verð frá kr. 66.900

**IOI** Gæði fara aldrei úr tísku

**ÍSLEIFUR JÓNSSON**

Draghåls 14 - 16 | Sími 4 12 12 00 | 110 Reykjavík | Fax 4 12 12 01 | www.isleifur.is

## Veðurspá



**VÍÐA HÆGVÍÐRI OG SKÝJAF** á köflum næstu daga. Búast má við einhverri úrkomu SV- og V-lands og stöku skúrum NA- og A-lands í dag og á morgun. Yfirleitt fremur milt í veðri og hlýjast SV-lands.

Alicante 24°	Friedrichshafen 15°	New York 26°
Apena 27°	Gautaborg 14°	Orlando 30°
Basel 21°	Kaupmannahöfn 13°	Ósló 13°
Berlín 13°	Las Palmas 23°	París 15°
Billund 14°	London 16°	San Francisco 22°
Frankfurt 15°	Mallorca 26°	Stokkhólmur 14°

**Á MORGUN**  
Yfirleitt hægt breytilegt en SA-læg 8-13m/s SV-lands.

**MÍÐVIKUDAGUR**  
Suðlæg 3-10m/s.

**Vordís Eiríksdóttir**  
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is | ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is  
 FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson koll@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is | RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrnannar Helgason hrnannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is | ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

DRÖGUM EFTIR 2 DAGA

# Viltu vinna íbúð?

Nýtt happdrættisár framundan  
og heill milljarður króna  
í skattfrjálsum vinningum

► **Prisvar á happdrættisárinu verður dregið um stóra vinninginn:**

- 3 íbúðir að verðmæti 30 milljónir krónur hver á tvöfaldan miða eða 30 milljónir í peningum
- 15 milljónir á einfaldan miða

Drögum út 47 þúsund vinninga á árinu.  
Heildarverðmæti vinninga á mánuði allt að 107 milljónir!

Miðaverð 1.300 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða  
og 2.600 fyrir tvöfaldan miða.

Kauptu miða á [www.das.is](http://www.das.is)  
eða í síma 561 7757.



Taktu þátt í Facebook-leikum.  
Vegleg verðlaun í boði.

DREGIÐ Í HVERRI VIKU!

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hver var ráðinn forstjóri Vodafone á föstudaginn?
2. Hver leikur Söllu stírdú í Þjóðleik-húsinu næsta vetur?
3. Hvaða lið sigraði ensku úrvalsdeildina um helgina?

**SVÖR**  
1. Stefan Sigurðsson. 2. Melkorka Davíðsdóttir Pitt. 3. Manchester City.

Hafnfirðingar vísa í nýjan dóm héraðsdóms í máli Vestmannaeyjabæjar gegn Q44 og Síldarvinnslunni:

# Krefja Stálskip um afrit af kaupsamningi

**SVEITARSTJÓRNIR** Hafnarfjarðar-bær hefur krafð Stálskip um afrit af kaupsamningi vegna sölu fyrirtækisins á togaranum Þór Hf-4.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði eru ósátt við sölu á Þór þar sem aflaheimildir sem fylgja skipinu hurfu með því á brott úr bænum. Hafnfirðingar fengu ekki að vita af viðskiptunum með Þór fyrr en þau voru um garð gengin en telja að samkvæmt lögum um stjórn fisk-

veiða eigi bærinn forkaupsrétt að skipinu. Það hafi nú verið staðfest með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Vestmannaeyjabæjar gegn félaginu Q44 og Síldarvinnslunni þar sem fyrrnefnda félagið seldi því síðar-nefnda togara sem gerður hefur verið út frá Eyjum.

„Er hér með skorað á Stálskip að láta Hafnarfjarðarkaupstað nú þegar, eða í síðasta lagi innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfs þessa, í té afrit af

kaupsamningum um skipið Þór Hf-4 og um þær aflaheimildir sem framseldar voru. Liggur nú þegar fyrir staðfesting Fiskistofu á því að ekki hafi verið unnið í samræmi við lagafyrirmæli varðandi framsal aflaheimilda,“ segir í bréfi Guðrúnar Ágústu Guðmundsdóttur bæjarstjóra til Stálskipa.

**GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR** Bæjarstjórnunum var falið að virkja forkaupsrétt Hafnarfjarðar á Þór Hf-4.



**15%**  
afsláttur af  
**Nicorette Fruitmint**  
Allar pakkningastærðir og allir styrkleikar

Gildir til 30. maí 2014

**Lyf & heilsa**  
við hlustun!

# Regluverkið skoðað vegna myglusvepps

Lög og reglur verða tekin til skoðunar af starfshópi vegna myglusveppa og tjóns af völdum þeirra. Tryggingamál þolenda verði skoðuð sérstaklega, hvetja þingmenn til, enda þess dæmi að fólk missi aleigu sína meðan aðrir missa heilsuna.

**ALÞINGI** Lög og reglur á sviði byggingarmála verða ef að líkum lætur tekna til heildstæðrar endurskoðunar með tilliti til myglusveppa og tjóns af völdum þeirra. Starfshópur skipaður af ráðherra á að skila af sér tillögum fyrir lok árs.

Þingsályktunartillaga 13 þingmanna þessa efnis var til síðari umræðu á Alþingi í gær, en flutningsmaður málsins er Kristján L. Möller, þingmaður Samfylkingar. Í nefndarálitni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis var lagt til að tillagan yrði samþykkt óbreytt.

Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, talaði fyrir nefndarálitinu í gær, og sagði að fara yrði yfir lög og reglur, fræðslumál og ekki síst tryggingarmál þeirra sem fyrir því verða að veikjast vegna myglusveppa og missa jafnvel allar sínar eigur. Málið bíður atkvæðagreiðslu en ekkert er því til fyrirstöðu að það verði samþykkt, enda málið flutt af þingmönnum allra flokka.

Tilfni málsins er ekki síst það að um 50 íbúðarhús á Egilsstöðum og Reyðarfirði fóru illa vegna myglusvepps. Eins að yfir 100 fjölskyldur hér á landi hafa þurft að yfirgefa heimili sín til lengri eða skemmri tíma á undanförunum árum vegna heilsufarsáhrifa og annars tjóns af völdum myglusveppa. Tugir þeirra hafa sagt alfarið skilið við húsnæðið, eins og segir í greinargerð tillögunnar.

Kristján sagði á Alþingi í gær, á sama tíma og hann hvatti Sigurð Inga Jóhannsson umhverfisráðherra til að hafa hraðar hendur við skipun starfshópsins, að „brenni hús til grunna þá er það tryggingarmál og fæst bætt. Komi hins



**LÚMSKUR VANDI** Tugir fjölskyldna hafa misst mikið en eiga engan rétt á að fá bætur frá tryggingafélagi sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



„Brenni hús til grunna þá er það tryggingarmál og fæst bætt. Komi hins vegar upp myglusveppur og eina úrræðið er að rífa húsið, og jafnvel með öllum húsgögnum og fatnaði fólks og öðru, þá er það óbætt.“

Kristján L. Möller, þingmaður Samfylkingar.

vegar upp myglusveppur og eina úrræðið er að rífa húsið, og jafnvel með öllum húsgögnum og fatnaði fólks og öðru, þá er það óbætt. Þetta verður starfshópurinn að gera tillögur um því á þessu þarf að taka,“ sagði Kristján og sagði ótækt að fólk missi aleiguna en þurfi áfram að borga af lánum vegna húsnæðis sem hefur verið rífið.

Bjarkey Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, tók í sama streng og líkti upplifun fólks vegna þessa vanda sem hamföllum, og því alvarlegra væri að engin úrræði væri að finna í kerfinu.

svavar@frettabladid.is

## Notkun mannvirkja skiptir miklu máli

Í nefndarálitni umhverfis- og samgöngunefndar segir að oft myndist myglusveppir vegna rangrar efnisnotkunar, raka í byggingarefnum vegna rangra ákvarðana er varða efnisval, rakapéttingar, loftunar og annars frágangs.

Einnig skiptir notkun á mannvirki miklu máli hvað varðar hitun, loftræstingu og rakamyndun.

*Flott flóra-leiðin til að tóra?*

Ráðstefna um bakteríuflóruna í meltingarveginum  
Miðvikudaginn 14. maí, kl. 13-17 í Salnum, Kópavogi

12.00	Móttaka og skráning
13.00	Setning
13.05	Opnunaratriði
13.15	Bakteríur í görninni stjórna heilsu og líðan okkar Michael Clausen, barnalæknir og sérfr. í ofnæmissjúkdómum barna
14.00	Áhrif bakteríuflórunnar á þyngdarstjórnun Erla G. Sveinsdóttir, læknir Heilsuborg
14.25	Mín leið - reynslusaga af sáraristilbólgu Margrét Alice Birgisdóttir, heilsumarkþjálf
14.45	Kaffihlé
15.15	Hvaða sögu segir flóran um mataræðið? Óla Kally Magnúsdóttir, næringarfr. við LSH og doktorsnemi við HÍ
15.40	Þarmabakteríurnar og hugsanleg tengsl við ristilkrabbamein? Parmaflutningur - hvað er það? Sigurjón Vilbergsson, sérfr. í lyflækningum og meltingarsjúkdómum
16.05	Heilbrigð þarmaflóra - er hún til? Kolbrún Björnsdóttir, grasalæknir
16.30	Spurningar
16.45	Ráðstefnuslit

Ráðstefnan er ætluð jafnt almenningi sem og fagfólki

Verð kr. 4.900,-  
Upplýsingar og skráning á [www.heillheimur.is](http://www.heillheimur.is) eða í síma 697 4545.

Vísindamenn hvetja almenning til að gefa sýni í Útkalli í þágu vísinda:

# Gagnrýni siðfræðinga ómakleg

**RANNSÓKNIR** Hópur vísindamanna hefur sent frá sér yfirlýsingu vegna lífsýnasöfnunarinnar Útkall í þágu vísindanna á vegum Íslenskrar erfðagreiningar og Landsbjargar. Kemur yfirlýsingin í kjölfar yfirlýsingar níu fræðis- og vísindamanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Akureyri sem gagnrýna framkvæmd söfnunarinnar.

„Síðastliðin sautján ár hafa vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar (IE) í samstarfi við vísindamenn á Landspítala, í læknaeild og innan fjölmargra annarra stofnana héraðs og erlendis náð ótrúlegum árangri í að varpa ljósi á erfðagræði margra sjúkdóma. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að þetta samstarf vísindamanna IE og ann-

arra í íslensku vísindasamfélagi hefur gert það að verkum að Ísland leiðir nú heiminn á flestum sviðum mannfæðisfræði,“ segir í yfirlýsingu vísindamanna.

Blása vísindamennirnir á þá gagnrýni að skemmtikraftar séu fengnir til að auglýsa söfnunina. „Hvatning annarra í samfélaginu, svo sem listamanna og stjórnmálamanna er einnig virðingarverð. Engin ástæða er til að tortryggja slíkan stuðning.“

Þá er gagnrýnt að átakan sé blandað við góðgerðarstarfsemi.

„Gagnrýni siðfræðinga á hlut Landsbjargar í söfnun sýnanna er að okkar mati einnig ómakleg. Alvanalegt er í vísindarannsóknunum að þátttaka sé þökkud, en hún á þó ekki að skapa óeðlilegan þrýsting á þá sem annars myndu ekki



**FRAMPRÓUN VÍSINDANNA** Magnús Karl Magnússon, prófessor við læknaeild Háskóla Íslands, er á meðal þeirra 36 sem standa að yfirlýsingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

vilja gefa lífsýni,“ segir í yfirlýsingu þar sem Íslendingar eru hvattir til að taka þátt. „An hins almenna borgara verða þessar rannsóknir ekki gerðar.“

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



# TAKTU SKREFIÐ



SKAPAÐU ÞÍNA  
EIGIN FRAMTÍÐ

NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI  
KYNNINGARFUNDUR 13. MAÍ AÐ DUNHAGA 7

## KLUKKAN 17:00

NÁM TIL LÖGGILDINGAR FASTEIGNA-,  
FYRIRTÆKJA- OG SKIPASALA  
*STAÐNÁM – FJARNÁM*

VERKEFNASTJÓRNUN – LEIÐTOGAÞJÁLFUN

VIÐURKENNDUR BÓKARI  
*STAÐNÁM – FJARNÁM*

ÖLDRUNARFRÆÐI  
*DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI*

## KLUKKAN 17:30

FJÖLSKYLDUMÆÐFERÐ  
*DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI*

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRÍÐUM  
HUGRÆNNAR ATFERLISMEÐFERÐAR

## KLUKKAN 18:00

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI  
*DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI*

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI  
*STAÐNÁM – FJARNÁM*



**RÍKASTIR Í BRETLANDI** Indversku bræðurnir Srichand og Gopichand Hinduja eru efstir á lista The Sunday Times þetta árið. NORDICPHOTOS/AFP

## Auðkýfingar sækjast eftir því að búa í London: Ótvíræð höfuðborg milljarðamæringa

**BRETLAND, AP** London er ótvíræð höfuðborg auðkýfinganna, samkvæmt nýrri athugun sem skýrt er frá í breska blaðinu The Sunday Times. Þar í borg búa nú 72 milljarðamæringar, í breskum pundum talið, en næst kemur Moskva með 48 milljarðamæringa, þá New York með 43, San Francisco með 42, Los Angeles með 38 og Hong Kong með 34. Blaðið fullyrðir jafnframt að miðað við höfðatölu búi fleiri milljarðamæringar í Bretlandi

en í nokkru öðru landi. Þannig sé einn milljarðamæringur á hverja 607 þúsund íbúa Bretlands, en í Bandaríkjunum eru þeir einn á hverja milljón íbúa. The Sunday Times birtir á hverju ári lista yfir ríkustu íbúa Bretlands, en þetta er í fyrsta sinn sem fjöldi þeirra er borinn saman við fjöldann í öðrum löndum. Efstir á lista auðkýfinga í Bretlandi þetta árið eru indversku bræðurnir Srichand og Gopichand Hinduja, en þeir reka alþjóðafyrirtæki sem nefnist Hinduja Group. -gb

# Kosið um sjálfstæði í tveimur héruðum

Úkraínustjórn og Vesturlönd fordæma kosninguna, en einn af leiðtogum uppreisnarmanna í Donetsk segir að ekkert muni breytast. Meiningin er að efna aftur til atkvæðagreiðslu um næstu helgi um innlimun héraðanna í Rússland.

**ÚKRAÍNA, AP** Langar biðraðir mynduðust við kjörstaði í austanverðri Úkraínu í gær, þegar efnt var til atkvæðagreiðslu þar í tveimur héruðum um það hvort stefna ætti að sjálfstæði. Það voru íbúar í héruðunum Donetsk og Luhansk sem voru spurðir hvort þeir myndu styðja frumvarp um sjálfstjórn héraðanna. Ætlunin er að efna svo aftur til atkvæðagreiðslu um næstu helgi þar sem íbúarnir verði spurðir hvort þeir vilji að héruðin sameinist Rússlandi. Fregnir búrast af því að einhverjir hefðu látið lífið í bænum Krasnoarmeisk í Donetsk-héraði þegar sérsveitarmenn frá Úkraínustjórn tóku að skjóta á fólk sem hafði safnast saman til að kjósa fyrir utan ráðhúsið í bænum. Þá kom til átaka í borginni Slavjansk í fyrrinótt, þar sem stjórnarherinn skiptist á skotum við uppreisnarmenn. Úkraínustjórn segir kosningararar ólöglegar og Oleksandr Túrtsjínov forseti segir að sjálfstæði héraðanna myndi eyðileggja efnahagslíf landsins alls. „Þetta er skref í áttina til huldýpis fyrir héruðin,“ sagði Túrtsjínov á vefsíðu forsetaembættisins á laugardag. Leiðtogar á Vesturlöndum hafa einnig gagnrýnt kosningarar og sagt að þau muni ekkert mark taka á þeim. Meira að segja Vladimir Pútín Rússlandsforseti hvatti uppreisnarmenn í austanverðri



**KOSIÐ Í DONETSK** Vopnaður uppreisnarmaður stendur vörð á kjörstað. NORDICPHOTOS/AFP

Úkraínu til þess að fresta kosningunum. Roman Lyagin, sem er leiðtogi þeirra sem skipulögðu kosningararar í Donetsk, segir hins vegar að fátt muni í reynd breytast í héraðinu, jafnvel þótt íbúarnir veiti tillögunni sem kosið er um samþykki sitt. „Við viljum bara lýsa yfir rétti okkar til sjálfstjórnar,“ sagði hann. „Eftir að tilkynnt verður um úrslitin mun nákvæmlega ekkert breytast hvað varðar stöðu Donetsk-héraðs. Við hættem ekki að vera partur af Úkraínu. Við verðum ekki hluti af Rússlandi.“

Við erum bara að segja umheiminum að við viljum breytingar, við viljum að hlustað sé á okkur.“ Hann nefndi hins vegar ekkert um þau áform að síðar, jafnvel strax um næstu helgi, yrði kosið um innlimun í Rússland. Ekki er reiknað með því að úrslit verði orðin ljós fyrr en á mánudaginn. Eftir hálfan mánuð stendur svo til að Úkraínumenn kjósi sér forseta. Túrtsjínov hefur gegnt embættinu til bráðabirgða frá því Viktor Janúkóvitsj hrökklaðist frá völdum í febrúar síðastliðnum. gudsteinn@frettabladid.is

**EVROPUMÁL**

**Þjóðernishyggja, sjálfsmyndir og Evrópusambandið**

**ÞRIÐJUDAGURINN 13. MAÍ KL. 12:00-13:30 Í NORRÆNA HÚSINU**

**Opinn fundur** á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Evrópustofu í samvinnu við námsbraut í þjóðfræði og safnafræði við Háskóla Íslands.

Fjallað verður um hlutverk þjóðernishyggju, sjálfsmynda og menningararfs í tengslum við viðhorf til Evrópusamrunans. Rætt verður um þjóðmenningu og sjálfstæðishreyfingar í Evrópu í kjölfar efnahagsþrenginga síðustu ára og umræðan sett í samhengi við andstöðuna við Evrópusambandið. Tekin verða dæmi frá Hollandi, Íslandi og Skotlandi.

**Þjóðvæðing Evrópu? Af nýlegum uppgangi þjóðerniskenndar í Evrópu**

**Herman Roodenburg** er prófessor í þjóðfræði við Vrije Universiteit í Amsterdam og rannsakandi hjá Meertens Instituut.

**Ísland í ljósi popúlískrar andstöðu við ESB**

**Guðmundur Hálfánarson** er prófessor við Sagnfræði- og heimspekeideild Háskóla Íslands.

**Hvar á Skotland heima? Þjóðar-atkvæðagreiðslan um sjálfstæði Skotlands og tengslin við Evrópu**

**Alyson Bailes** er aðjúnkt við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands og starfar með hugveitunni Scottish Global Forum.

**Fundarstjóri: Valdimar Tr. Hafstein**, dósent í þjóðfræði við Háskóla Íslands.

Fundirnir fara fram á ensku. Allir velkomnir. Nánari upplýsingar: [www.ams.hi.is](http://www.ams.hi.is) og [www.evroпустofa.is](http://www.evroпустofa.is)

**Hvað gerðist í Odessa 2. maí?**

Tugir manna brunnu inni í borginni Odessa föstudaginn 2. maí síðastliðinn. Fréttir af því sem gerðist hafa verið óljósar, en atburðirnir eiga væntanlega eftir að dýpka enn frekar gjána á milli andstæðra fylkinga í Úkraínu.

Meira en 40 manns létu lífið. Rússar hafa talað um þjóðarmorð. Þúsundir manna höfðu safnast saman í miðborginni vegna fótboltaleiks. Stuðningsmenn beggja liða tóku síðan höndum saman og efndu til útifundar til stuðnings stjórninni í Kænugarði, sem tók við eftir að Janúkóvitsj hrökklaðist frá.

Hópur andstæðinga stjórnarinnar í Kænugarði ákvað að hleypa upp þessum fundi, en þá brutust út átök sem stóðu klukkutímum saman með skotbardögum og grjótkasti.

Kveikt er í tjaldbúðum stjórnarandstæðinga, en hópur þeirra hafði flúið inn í byggingu verkalýðsfélags þar nærri. Grjóti og eldsprengjum er kastað frá verkalýðsbyggingunni, og því er svarað í sömu mynt frá mannfjöldanum úti fyrir.

Fljótlega kviknar í byggingunni með þeim afleiðingum að fjöldi fólks brann inni. Sumum virðist hafa verið meinuð útganga, en einnig var reynt að bjarga fólki út úr byggingunni.

Lögregla og slökkvilið koma nærri klukkustund of seint á vettvang.

**INNANGURINN** Maður gengur fram hjá brunnum dyrum verkalýðshússins í Odessa. FRÉTTABLAÐIÐ/JAP

*Alltaf loyn*

**á svölunum**

Með vandaðri glerlokun verða svalirnar þínar að sannkölluðum sælureit

Skelin er söluaðili svarsalokunarkerfa frá þýska fyrirtækinu Solarlux GmbH.

Allar póstalaugar svarsalokanir frá Solarlux eru gæðavottaðar. Þær eru gerðar úr hertu gleri og rafhúðuðum álprófil. Frágangur er sérlega vandaður og snyrtilegur.

Eftir breytinguna getur þú notið útveru í skjóli á svölunum allan ársins hring.

**Vandaðir álsóluskálar og glerhýsi**

**SKELIN** Höfðabakki 9, 110 Reykjavík Sími 578 6300 skelinehf@skelinehf.is www.skelinehf.is

**SOLARLUX**



# BÆTTU VIÐ ÞIG ÞEKkingu

”Ég var mjög ánægð með námskeiðið, frábært að geta verið heima og læra í gegnum netið. Það var líka svo gott að geta nýtt sér sveigjanleikann í mætingu þar sem ég var í vaktavinnu. Ég er í alla staði mjög ánægð með þjónustuna hjá Promennt og á klárlega eftir að nýta mér það að fara á fleiri námskeið.“  
Sólveig Pétursdóttir, bókhald – grunnur og Excel

”Námið var fjölbreytt, skemmtilegt og mun án efa nýtast mér vel í framtíðinni. Ég var í fullri vinnu með náminu, en námið var svo vel uppsett að það gekk allt saman vel upp. Promennt fær fullt hús stiga hjá mér, skólinn er með fyrsta flokks kennara og starfsfólk. Takk fyrir mig.  
Sonja G. Ólafsdóttir, markaðs- og sölunám, 2013

www.promennt.is

## OPIÐ FYRIR SKRÁNINGAR Á HAUSTÖNN 2014

Við hjá Promennt bjóðum upp á mikið úrval sérstaklega skemmtilegra og hagnýtra námskeiða og námsbrauta. Þeir sem vilja bæta við sig þekkingu með upplýsingatæknina að vopni ættu ekki að láta þetta framhjá sér fara.

Brot af námsúrvali Promennt.  
Sjá nánar á [promennt.is](http://promennt.is)

### ► FRAMABRAUT – SKRIFSTOFUNÁM

Öflug námsbraut sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Þetta nám hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið. Þetta nám er einnig tilvalið sem grunnur fyrir frekara nám.

#### VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

- Námsæfni og verkefnastjórnun með MindManager (forritið, að verðmæti 32.000 kr., fylgir frítt með).  
Tölvugreinar: Windows 7 og 8 tölvugrunnur og skjalavarsla. Ritvinnsla í Word,
- Excel, PowerPoint og Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag.  
Viðskiptagreinar: Verslunarreikningur, virðisaukaskattur og meðferð VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald í Navision. Tollskýrslugerð.

Hefst **10. sept.** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **200 std.** • Verð: **167.000 kr.**  
Vaxtalaugar léttgreiðslur í 6 mánuði **27.834 kr.** á mánuði

### ► BÓKHALD – GRUNNUR

Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Námið hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur og þeim sem eru að hefja rekstur og vilja vera sem mest sjálfbjarga við bókhaldið.

Hefst **10. okt.** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **110 std.** • Verð: **124.000 kr.**  
Vaxtalaugar léttgreiðslur í 6 mánuði **20.667 kr.** á mánuði

### ► BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

Viltu dýpka þekkingu þína í bókhaldi eða ertu jafnvel á leiðinni í námið Viðurkenndur bókarí? Þá er þetta kjörinn undirbúningur fyrir þig!  
Bókaránám fyrir lengra komna er hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi og vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Námskeiðið er einnig hugsað sem aðfararnám fyrir þá sem stefna á námið Viðurkenndur bókarí.  
Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst **7. október** • Kvöldhópur • Lengd: **90 std.** • Verð: **124.000 kr.**  
Vaxtalaugar léttgreiðslur í 6 mánuði **20.667 kr.** á mánuði

### ► MARKAÐS- OG SÖLUNÁM HRAÐFERÐ

Með sérstakri áherslu á upplýsingatækni og stafræna markaðssetningu. Skemmtilegt en um leið krefjandi einnar annar nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og markaðsfræði við nýjustu tækni sem í boði er.

Hefst **9. september** • Kvöldhópur • Lengd: **156 std.** • Verð: **174.000 kr.**  
Vaxtalaugar léttgreiðslur í 6 mánuði **29.000 kr.** á mánuði

### ► GRAFÍSK HÖNNUN

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám í grafískri hönnun ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi (t.d. á háskólastigi). Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir. Kennt er á forritin Photoshop, Illustrator og InDesign.

Hefst **2. september** • Kvöldhópur • Lengd: **105 std.** • Verð: **169.000 kr.**  
Vaxtalaugar léttgreiðslur í 6 mánuði **28.167 kr.** á mánuði

### ► VEFSÍÐUGERÐ – ALLUR PAKKINN

Sérlega hagnýtt og vandað námskeið fyrir alla sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegru heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Námskeiðið hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.

Viðfangsefni: Potoshop, HTML og CSS, Dreamweaver, WordPress og lokavekfni.

Hefst **8. september** • Kvöldhópur • Lengd: **115 std.** • Verð: **147.000 kr.**  
Vaxtalaugar léttgreiðslur í 6 mánuði **24.500 kr.** á mánuði



Gæðavottun  
fræðsluáðila



Promennt er eini  
Microsoft-vottaði  
skólinn á Íslandi.



Hjá Promennt er  
einnig boðið upp á  
fjarkennslu í beinni.



Hjá Promennt er  
boðið upp á dag-  
og kvöldnám.

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • [promennt@promennt.is](mailto:promennt@promennt.is) • [promennt.is](http://promennt.is)

Skráning fer fram á [www.promennt.is](http://www.promennt.is) og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

PROMENNT



## Ársfundur 2014

Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 20. maí nk., kl. 16.00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.

### Dagskrá

1. Almenn ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og réttihafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík, 6. maí 2014  
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Hægt verður að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefsíðu sjóðsins, [lifeyrir.is](http://lifeyrir.is)

Ársskýrslu 2013 má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á [lifeyrir.is](http://lifeyrir.is)

Sundagörðum 2  
104 Reykjavík  
510 5000  
[lifeyrir.is](http://lifeyrir.is)



**SJÚKRAFLUG** Þyrlur Landhelgisgæslunnar annast nú fyrst og fremst sjúkraflug á sjó og þar sem sjúkrabílum verður ekki komið við á Suður- og Vesturlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Metur ekki flutning sjúkraflugs til LHG

Innanríkisráðherra segir í svari við fyrirspurn á Alþingi að samráð þurfi við ríkisstjórn og Alþingi ef meta á áhrif af því að Landhelgisgæslan annast allt sjúkraflug. Því sé það ótímabært að ráðuneytið meti hvort slíkt auki öryggi landsmanna.

**STJÓRN MÁL** Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra segir ótímabært að láta meta ávinning af því að Landhelgisgæslan taki við sjúkraflugi í landinu.

Þetta kemur fram í svari innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Silju Dögg Gunnarsdóttur, alþingismanni Framsóknarflokks. Í fyrirspurninni vísar Silja til ábendingar Ríkisendurskoðunar um gerð langtímaáætlunar um starfsemi Landhelgisgæslunnar. Í svari ráðherra segir að ljúka eigi við áætlunina í haust.

Silja spurði hvort ráðherrann ætlaði að láta meta sérstaklega hvaða áhrif það hefði á þjónustu, nýtingu tækjabúnaðar og annan rekstur Landhelgisgæslunnar ef gæslan tæki við sjúkraflugi og kanna hvort sú breyting yki öryggi landsmanna.

Innanríkisráðherra bendir á

að sjúkraflug sé ekki á sínu forræði heldur heilbrigðisráðherra. Landhelgisgæslan megi þó samkvæmt lögum gera þjónustusamninga – þar með talið um almennt sjúkraflug og aðstoð við lækniþjónustu.

„Landhelgisgæslan sinnir nú þegar umtalsverðum hluta sjúkraflugs án þess að á móti komi sérstakar greiðslur. Ákvörðun um breytingar eða sérstaka skoðun á öðru fyrirkomulagi sjúkraflutninga, þar með töldu sjúkraflugi, verður ekki tekin nema að höfðu samráði við ríkisstjórn og Alþingi. Því er ótímabært að láta meta þá þætti sérstaklega sem hér er spurt um,“ svaraði Hanna Birna, sem vísaði í þetta sama svar við næstu spurningu Silju um það hvort ráðherra ætlaði, í samræmi við athugasemdir Ríkisendurskoðunar, að láta athuga hvort hagkvæmara væri að sjúkraflug

yrði í höndum einkaaðila eða á vegum Landhelgisgæslunnar.

Flugfélagið Mýflug annast sjúkraflug með samningi við ríkið. Ríkisendurskoðun sagði í ágúst í fyrra að ekki lægju fyrir nægar upplýsingar til að meta hvort hagkvæmt væri að Landhelgisgæslan tæki sjúkraflugið að sér. Helstu rökin væru að auka öryggi í sjúkraflugi og tryggja betri nýtingu á mannskap Landhelgisgæslunnar.

„Stofnunin hvetur innanríkisráðuneyti til að skoða mögulega aðkomu hennar að slíku flugi með formlegri og nákvæmari hætti en gert hefur verið,“ sagði Ríkisendurskoðun sem kvað misskilning vera uppi milli velferðaráðuneytis og innanríkisráðuneytis um málið: „Ríkisendurskoðun gagnrýnir að málið hafi ekki fengið formlega afgreiðslu milli og innanráðuneytanna.“ [gar@frettabladid.is](mailto:gar@frettabladid.is)

## GREIÐSLUR ÚR LÍFEYRISSPARNAÐI HVAÐ BER AÐ HAFA Í HUGA?

Við bjóðum þér á fræðslufund í Arion banka, Borgartúni 19, þriðjudaginn 13. maí kl. 17.30. Fyrirlesari er Helga Sveinbjörnsdóttir, sérfræðingur í lífeyrismálum hjá Arion banka.

Meðal atriða sem farið verður yfir á fundinum:

- ▶ Reglur um útgreiðslur lífeyrissparnaðar
- ▶ Skattaleg meðferð lífeyrissparnaðar
- ▶ Samspil útgreiðslna Tryggingastofnunar og lífeyrissjóða

Fundurinn stendur yfir í rúmlega klukkustund og verður boðið upp á léttar veitingar.

Allir velkomnir

SKRÁNING Á [ARIONBANKI.IS](http://ARIONBANKI.IS)

 Arion banki

# RISA TAX FREE

# DAGAR

ALLAR SNYRTIVÖRUR, ALLUR  
FATNAÐUR, ALLIR SKÓR,  
ÖLL LEIKFÖNG, ÖLL HJÓL,  
ALLAR HEIMILISVÖRUR...

ÁN VIRÐISAUKASKATTS\*  
DAGANA 8.-12. MAÍ

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. \*Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Ekki afsláttur af Weber, raftækjum, bókum, DVD né CD.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

## Flóttafólk í Miðjarðarhafi: Tugir drukkna við Líbíuströnd

**LÍBÍA** Tugir manna drukkuðu út af strönd Líbíu í síðustu viku. Fólkíð reyndi að komast frá Afríku til Evrópu í von um betra líf. Líðsmönnum sjóhers Líbíu tókst að bjarga rúmlega 50 manns, en allt að 130 manns voru um borð. Í gær var búið að finna 36 lík, en rúmlega 50 manns að auki var saknað.

Frá þessu var skýrt á vefsíðu BBC sem vitnar í Saleh Mazek, innanríkisráðherra Líbíu, um að Líbía ráði ekki lengur við flóttamannastrauminn til Evrópu. - gb

## Átök hófust í Suður-Súdan, tveimur sólarhringum eftir að samkomulag um vopnahlé var gert: Ekkert mark virðist tekið á vopnahléinu

**SUÐUR-SÚÐAN, AP** Í gær hófust átök í Suður-Súdan, innan við tveimur sólarhringum eftir að Salva Kiir forseti og Riek Machar, leiðtogi uppreisnarmanna, samþykktu vopnahlé.

Uppreisnarmenn hafa átt í hörðum átökum við stjórnarherinn síðan í desember, en bæði Ban Ki-Moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, og John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, höfðu lagt hart að Kiir og Machar að semja um frið.

Átökin virðast tengjast ágreiningi milli þjóðflokka, en Kiir er af þjóðflokki Dinka

en Machar er af Nuer-þjóðflokknum. Þeir Kiir og Machar hafa hins vegar verið sakaðir um að láta persónuleg ágreiningsmál sín brjótast út í bardögum liðsmanna sinna.

Báðir saka þeir hvor annan um að hafa ekki haft stjórn á liðsmönnum sínum, með þeim afleiðingum að vopnahléið hélt ekki nema í tæpa tvo sólarhringa.

Þúsundir manna hafa fallið í átökunum síðan í desember. Í síðustu viku sögðu Sameinuðu þjóðirnar að mannréttindabrot hefðu verið framin í stórum stíl í tengslum við þessi átök. - gb



**VOPNAHLÉ SAMÞYKKT** Peir Salva Kiir forseti, sá með hattinn, og Riek Machar, leiðtogi uppreisnarmanna, sem er lengst til hægri, fóru með bænir ásamt tveimur fulltrúum kirkjunnar þegar samkomulagið var undirritað á föstudag. NORDICPHOTOS/AFP



### Viðskiptafræði með vinnu

Kynningarfundur þriðjudaginn 13. maí kl. 12.10–12.50, í stofu 102 í Gimli.



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐI MEÐ VINNU

Nánar á [vmv.hi.is](http://vmv.hi.is)



**MÓTMÆLI** Ættingjar stúlkanna hafa harðlega gagnrýnt stjórnvöld fyrir seinangang. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Nígeríustjórn hafnaði hjálp

Flóttamannastofnun S.P. hefur varað við því að flóttamannastraumurinn frá Nígeríu muni aukast mjög á næstunni vegna ofbeldisverka Boko Haram.

**NÍGERÍA** Goodluck Jonathan Nígeríuforseti neitaði vikum saman að þiggja aðstoð erlendis frá við leitina að meira en 300 stúlkum, sem öfgasamtökin Boko Haram rændu í síðasta mánuði.

Það var ekki fyrr en í síðustu viku sem Jonathan féllst á að þiggja aðstoð frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi og Kína við að hafa uppi á stúlkunum og bjarga þeim.

Breska utanríkisráðuneytið segist fyrst hafa formlega boðið honum aðstoð þann 18. apríl, fjórum dögum eftir að stúlkunum var rænt. Bandaríkin segjast einnig hafa allt frá fyrsta degi boðið aðstoð og verið í sambandi við Nígeríustjórn vegna málsins.

Nú í þessari viku er eitt ár liðið frá því að neyðarástandi var lýst yfir í norðaustanverðri Nígeríu, í ríkjum Adamawa, Borno og Yobe, en í þessum ríkjum hafa öfgasamtökin Boko Haram haft sig mest í frammi.

Ofbeldisverk samtakanna hafa orðið æ tíðari og alvarlegri með hverjum mánuðinum sem líður, með þeim afleiðingum að flóttafólki fjölgar jafnt og þétt.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna segir að 250 þúsund manns séu á vergangi innan landmæra Nígeríu, eftir að hafa hrakist að heiman vegna ofbeldis og átaka í landinu undanfarið.

Auk þess hafa rúmlega 60 þúsund flúið til nágrennalandanna Kamerún, Tsjad og Níger.

„Þetta fólk er að flýja árásir uppreisnarmanna eða af ótta við hefndaraðgerðir nígeríska hersins,“ segir Adrian Edwards, talsmaður Flóttamannastofnunarinnar, í tilkynningu frá stofnuninni nú fyrir helgi.

Hann segir stofnunina óttast mjög að flóttamannastraumurinn muni aukast til muna. Frásagnir þeirra flóttamanna sem rætt hafa við fulltrúa Flóttamannastofnunarinnar eru ófagar.

„Grimmd og tíðni þessara árása á sér engin fordæmi,“ segir Edwards.

Árásarmennirnir hafa brennt heilu þorpin til grunna. Þeir hafa kastað handsprengjum inn á markaðstorg, þar sem fjöldi fólks var staddur. Sumir hafa orðið vitni að því að vinir þeirra eða ættingjar hafa, að því er virðist af handahófi, verið valdir úr hópi fólks og drepnir úti á götu.

Ein af stúlkunum sem rænt var í síðasta mánuði hefur sagt fjölmöldum að hún sé of hrædd til að fara aftur í skólann sem hún gekk í áður en henni var rænt.

Stúlkunum var öllum rænt úr skólanum, en Boko Haram segjast andvíg því að stúlkur njóti vestrænnar menntunar.

gudsteinn@frettabladid.is

**THULE**  
SWEDEN

## Ferðabox og hjólafestingar 2014 bæklingsurinn er kominn



Pantaðu eintak

Skráðu þig inn á heimasíðu okkar [www.stilling.is/thulebok](http://www.stilling.is/thulebok) og fáðu bæklingsinn sendan heim.

**Stilling**

Sími 520 8000 | [www.stilling.is/thulebok](http://www.stilling.is/thulebok) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)

# HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ VERÐA?

## Málmiðnaðarmenn eru eftirsóttir

Við tryggjum nýnemum sem ljúka tveimur önnum við málmiðnaðardeild lönnskólans í Hafnarfirði, sumarvinnu 2015

Upplýsingar eru veittar í lönnskólanum í Hafnarfirði í síma 585 3600 Umsóknir berist í gegnum [www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is)



**IÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI**  
FAGMENNSKA · VIRÐING · ÞEKKING

Eftirtalin fyrirtæki og lönnskólinn hafa gert með sér samkomulag um að nemendur, sem ljúka tveimur önnum í grunnnámi málmiðngreina með fullnægjandi árangri, fái sumarvinnu uppfylli þeir almenn ráðningarskilyrði fyrirtækjanna.

**FRAMTAK.IS**

 **HÉÐINN**

 **TEKNÍS**

**STÁLSMÍÐJAN**

 **marel**

**RioTinto Alcan**

**HAFNAR**

**VHE**  
VÉLAVERKSTÆÐI

Snýst sigur Conchitu um mannréttindi?

## Fordómalaus í einn dag

**S**igur austurrísku dragdrottningarinnar Conchitu Wurst í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva á laugardagskvöldið hefur almennt verið túlkaður sem sigur fordómaleysis Evrópubúa og skýr skilaboð til Pútíns Rússlandsforseta um að stefna hans í mál-efnum samkynhneigðra eigi ekki upp á pallborðið hjá almenn- ingi í Evrópu. Niðurstaðan hefur enda vakið hörð viðbrögð hjá Rússum og í morgunþætti rússneska ríkissjónvarpsins í gærmorgun, daginn eftir keppnina, lét þingmaðurinn Vladímír Zhirinovsky þau orð falla að úrslitin mörkuðu endalok Evrópu. „Þetta er komið úr böndunum,“ sagði hann. „Það eru ekki lengur neindir karlmenn eða kvenmenn í Evrópu, bara ÞAÐ.“

Reyndar hafa hinir fordómalausis Íslendingar verið á svipuðum nótum á Facebook og Twitter, veltandi því fyrir sér fram og til baka hvort kalla ætti Conchitu, sem auðvitað er hinn samkynhneigði Tom Neuwirth í draggi, hann eða hana. Eins og það sé mál málanna. Sjálf hefur Conchita slegið á þessar vangaveltur með því að svara spurningunni um hvort hún sé karl eða kona á þann hátt að hún sé drottning í vinnunni og latur strákur heima. Á blaðamannafundi eftir að úrslitin lágu fyrir bætti hún um betur og sagði: „Mig dreymir um heim þar sem við þurfum ekki að tala um aukaatriði eins og kynferði, hvaðan þú ert eða hvern þú elskar. Málið snýst alls ekki um það.“ Annars staðar hefur hún látið hafa eftir sér að sú ákvörðun að vera með skeggið í dragginu hafi helgast af löngun til að fá fólk til að horfa fram hjá staðalmyndum og bera virðingu fyrir mann- eskjunninu sem slíkri, hvort sem hún fellur inn í normið eða ekki. Og það tókst á laugardagskvöldið, eða hvað?

Eurovision er reyndar ekki góður mælikvarði á umburðar- lyndi almennings. Ekkert frekar en Gay Pride. Þar er leyfilegt að vera öðruvísi í einn dag eða tvær vikur, en það umburðar- lyndi nær kannski ekki mikið lengra. Eða trúum við því að fólki sem kys dragdrottningu í Eurovision eða mætir til að horfa á gleðigönguna hafi þar með tekið samkynhneigða í sátt og lagt fordóma sína á hilluna? Pútín er nefnilega ekkert einn um það að hafa andstyggð á samkynhneigðum. Í öllum ríkjum Evrópu eru menn enn þá barðir til óbóta fyrir það eitt að skera sig úr norminu. Það er enn þá gert grín að homma- lega stráknum í skólanum. Hommi er enn þá skammaryrði í unglingahópum og strákur í stelpufötum er enn þá frik í augum umhverfisins. Svo ekki sé nú minnst á umræðuna um sjálf- sagðan rétt hinsegin fólks til að giftast og eignast börn. Hvers vegna er enn verið að ræða það? Er það ekki svo sjálfsagt að það ætti fyrir löngu að vera hætt að vera eitthvað sem þarf að ræða fram og til baka? Eiga ekki mannréttindi að gilda fyrir alla alls staðar, ekki bara í eitt kvöld? Og dregur ekki sú túlkun að með því að kjósa dragdrottningu til sigurs í Eurovision hafi Evrópa verið að senda Pútín persónuleg skilaboð stórlega úr því meinta fordómaleysi sem liggur að baki kosningunni?

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*



\*Prentunablaðinnun. Capacent október-december 2012. Höfuðborgarsvæði 25-54 ára

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Ósannspár

Felix Bergsson var kynnr Eurovision-keppninnar á RÚV á laugardagskvöldið en skiptar skoðanir eru um hvort honum hafi farið hlotverkið vel úr hendi. Reyndi Felix sí og æ að spá fyrir um úrslit og stigagjöf í pólitísku sam- hengi en oftar en ekki brást honum bogalístin, enda ekki á vísan að róa er menn reyna að sjá fyrir um framtíðina.



#### Það sem fer upp

Atriði Póllands, sem um langt árabil hefur verið fjarri góðu gamni þegar kemur að Eurovision-keppninni, vakti talsverða athygli. Á sviðinu voru afar brjóstgóðar konur að þvo þvott og strokka smjör. Gerði Felix grín að barmi stúlkanna og efaðist um að hann væri frá náttúrunnar hendi. Talaði hann meðal annars um að það sem færi upp kæmi aftur niður og fannst einhverjum það grín afar ósmekklegt.

#### Ekki allir sammála

Margir hafa spreytt sig á því að lýsa Eurovision á Íslandi, þar á meðal Sigmar Vilhjálmsson og Gísli Marteinn Baldursson, og hafa þeir báðir ávallt slegið rækilega í gegn hjá Íslensku Þjóðinni. Hafa þeir afar beitt skopskyn og talsverða þekkingu á Eurovision-keppninni sem sumum sem höfðu sig frammi á samfélagsmiðlum á laugardagskvöld fannst vanta nokkuð upp á hjá Felix. En sitt sýnist hverjum vitanlega og ekki geta allir alltaf verið sammála. Sérstak- lega ekki um Eurovision.



liljakatrin@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Skuldalækkunin gefur ríkum mest

### FJÁRMÁL



Árni Páll Arnason formaður Samfylkingarinnar

Skuldaniðurfellingarfrumvörpin eru nú að koma til afgreiðslu í þinginu.

Fyrir liggur að skuldaniðurfellingin mun kosta samfélagið mikið í hærri vöxtum, meiri verðbólgu, minni fjárfestingu og tapi sveitarfélaga og Íbúða- lánasjóds. Í fljótu bragði virðist þessi kostnaður jafnvel meiri en sá ávinningur sem sum skuldug heimili fá með þessari aðgerð. Tillögur ríkisstjórnarinnar hafa vanmetið kostnaðinn.

Ríkisstjórnin hefur sagt að hámarks- niðurfærsla verði 4 milljónir á heimili. Það hljómar ekki svo illa. Þegar grannt er skoðað kemur í ljós að örfáir munu njóta þeirrar skuldalækkunar, því allt er dregið af þeim sem einhverja úrlausn hafa fengið hingað til. Það sem er frétt- næmt er að einungis einstaklingar sem eiga yfir 20 milljónir skuldlausar eða hjón sem eiga yfir 30 milljónir skuld- lausar munu fá pitsuna óskerta, allar 4 milljónirnar sem lofað hefur verið. Allir hinir munu fá hámarksupphæðina skerta.

Þar við bæstist að til stendur að draga frá allar sértækar úrlausnir sem ríkis- stjórn jafnaðarmanna stóð fyrir á fyrra kjörtímabili. Þannig munu allar skulda- lækkanir vegna sértækra skuldaað- lögunar og greiðsluáðlögunar koma til lækkunar á leiðréttingunni. En samn-

→ Þegar grannt er skoðað kemur í ljós að örfáir munu njóta þeirrar skuldalækkunar, því allt er dregið af þeim sem einhverja úrlausn hafa fengið hingað til.

ingar einstaklinga við banka um aðrar afskriftir koma ekki til frádráttar.

Fjöldamargir einstaklingar sömdu við bankann sinn um lækkun skulda utan ramma sértækra skuldaaðlögunar eða greiðsluáðlögunar. Fjárhæðir slíkra afskrifta geta numið milljörðum og ríkis- stjórnin hefur enga tilraun gert til að greina þessa upphæð. Þessi forréttinda- hópur – sem kannski átti meiri eignir, hafði hærri laun eða þekkti til í banka- kerfinu og fékk þess vegna betri kjör – mun fá leiðréttinguna óskerta, en þeir sem fóru formlega leið því þeir fengu enga úrlausn annars munu verða skertir.

Þannig nýtist leiðrétting ríkisstjórnar- innar best þeim best settu og mismunar fólki í sambærilegri stöðu með einstak- lega ósvífnum hætti.

Sannast hið fornkvæða: „Vont er þeirra ránglæti, verra er þeirra rétt- læti.“

# Utan við b-b-b-b-b-einið erum við ólík

## Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur



Það sem er skemmtilegast við Evróvisjónkeppnina er að hún er eitthvað svo innlega evrópsk.

Hún á sér eflaust djúpar rætur. Eru ekki Meistararöngv-ararnir frá Nürnberg eftir Wagner um einhverja svona Júrúvisjónkeppni á miðöldum? Voru ekki haldnar svona hátíðir með tilheyrandi krýningu í lokin á sigurvegaranum í hverju þorpi á öldum áður? Ekki er að minnsta kosti mikil alþýðuhátíð með tilheyrandi sjónarspili, mikil vegsömun á því hver við erum og hver hin eru; hvenær við erum „hin“ og hvenær „við“; hvenær „við“ erum „hin“. Eða þannig: Hvernig það er að vera hinsegin – og viðsegin.

Það eina sem varpaði skugga á skemmtunina var baulið í nokkrum áhorfendum á 17 ára tvíburasystur frá Rússlandi sem voru með heldur skemmtilegt ABBA-númer en urðu illilega fyrir barðinu á baulverjum. Voru þeir að baula á Pútín? Ekki sá ég hann á svæðinu. Það er alltaf ljótt að sjá hóp snúast gegn einstaklingum, hvað sem líður málstað; hópnum skjáttast alltaf gagnvart einstaklingunum. Það er grundvallarregla. Þetta voru ekki menn ofsóttir af Pútín – þetta voru menn að ofsækja tvær sautján ára stúlkur. Það fyrsta sem maður afsalar sér þegar maður baular með hóp er sjálfstæð hugsun, þar með fer mennskan – og fasisminn ríður í hlað.

## Pompið og praktin

Hann er náttúrulega líka svolítið evrópskur. En annars sem sagt bara gaman. Söngurinn óneitanlega stundum dálítið falskur, hin ýkta glaðværð háflamandi á köflum, lögin einhvern veginn endalaus og samt mundi maður þau ekki fimm mínútum síðar (hvernig var aftur sigurlagið?) – hliðardansinn (skautahlaupið, hamsturshjólíð, rólurnar) alveg blygðunarlaust asnalegur (ættum við að senda æfingar á tvíslá með næst?), lögin öll úr einhverju einnota efni sem eyðist strax; og hljómuðu eins og sett saman með sænskum sexkanti eins og einhver orðaði það – en án þess að því verði beinlínis komið í orð er eitthvað mjög evrópskt við þetta fólk. Það veit sínu viti. Það veit hvernig það ætlar að hafa þetta. Það hefur mjög afdráttarlausar skoðanir á því hvernig þetta á að vera. Það á að vera eins og það hefur alltaf verið.

Eða flest. Því miður hefur sífónuhljómsveit með virðulegum og ögn þungbúnum stjórnanda („það er ekki þetta sem ég geri, ég er vanur að stjórna níundu Mahlers“) ekki lifað af og keppnin eiginlega ekki borið sitt barr síðan – en annað er eins og það hefur alltaf verið. Þó að ég geti ekki með nokkru móti rifjað upp sigurlagið man ég þó að það er eins og það hefur alltaf verið. Það var sjálft júrúvisjón-dívu-sigurlagið; og gat ekki annað en sigrað, sungið svona dásamlega af dragg-Jesú.

Flest hefur sem sagt lifað af og þess vegna er Evróvisjónkeppnin síðasta vígi svo margs: hún er síðasta vígi pompsins og praktarinnar, sem annars er bara til í föstu orðatiltæki upp á Íslandi þar sem allt geymist í

stirðnuðum orðaleppum. Þarna eru flugeldar og kjólar, glit og glimmer, eldingar og glærningar, langorðir kynnar og fólk sem kemst upp með að halda langar ræður á frönsku. Hún er líka síðasta vígi sjálfrar laglínunnar sem er að mestu horfin í nútímatónlist, hvort sem það er tveggja nótna sönglið í vinsældatónlist dansgólfa, nótnalaust vélaskröltið í raftónlistinni sem er eins og að hlusta á þvottavél vinda, taktfastar drumbudrunurnar í færíbanda-afkastahvatningunum, rappumlið, rokkýlfrið eða flúrsöngur r&b-tónlistarinnar – að ekki sé talað um afurðir tónskáldanna sem skrifa framsækna músík – melódían er alls staðar horfin, nema hjá sænsku tæknitónfræðingunum sem skrúfa saman öll Evróvisjónlögin í einhverri grandprixmelodifabrikku í Skövde, og senda svo í einingum til annarra landa, eins og einingahúsin, og svo eru þessi sænsku einingalög sett saman aftur í hverju landi – og úr verður Evrópueining. Nema þau íslensku. Íslendingar banga sjálfir saman sínum lögum.

## Og kynsegin ...

Og árangurinn sjálf sagð eftir því. Þau eru samt alltaf góð og umhugsunarverð. Þau tjá eitthvað annað en lýtalaust sænskt formskyn. Vandfundin er betri skoðanakönnun um líðan og afstöðu íslensku þjóðarinnar en þau lög sem hún ákveður að senda í Evróvisjónkeppnina, því þau sýna sjálfsmynd hennar hverju sinni, þá mynd sem hún kys að gefa af sér, hvort sem það er hin spillta og fordekraða næturdrottning á hátindi hrokan eða hið ljósa man, í bláum kjó eins og álfkonan hefur

Pað fyrsta sem maður afsalar sér þegar maður baular með hóp er sjálfstæð hugsun, þar með fer mennskan – og fasisminn ríður í hlað.

alltaf verið klædd á Íslandi, og spyr: is it true – ætlið þið aldrei að tala við okkur fram- ar? Og svo núna – fjórir miðaldrá hvítir karlar, sem ætti að vera uppskrift að reglufestu og stífsinna leiðindum, en láta eins og börn án þess að afsala sér karlmennsku sinni, klæðast litríkum búningum sem stundum eru kjólar og stundum jakkaföt, stundum krakkaföt, bæði hinsegin, viðsegin, sniðsegin og liðsegin, boðberar kærleikans og friðflytjendur. Hvað tákna þau? Löngun til að stíga út úr skáldskapnum um sjálfan sig og faðma næsta mann.

En það er eitthvað evrópskt við þetta allt saman: Ekki síst þá gleðiríku vegsömun sem í þessari keppni er á öllu því sem kallað er einu orði „hinsegin“. Að vera öðruvísi. Það má vera að inn við b-b-b-b-b-einið séum við eins – öll erum við vatn, söng Yoko – en það er líka mikilvert að leyfa fólki að vera öðruvísi utan við beinið. Klæðast litum, skera sig úr án þess að mega búast við ruddalegu góni eða aðkasti. Á því er stundum misbrestur hér á landi. Evrópa hefur ýmislegt að kenna okkur um gildi fjölbreytninnar.

## TÍSTIÐ



Felix Bergsson

@felixbergsson

Rússar eru brjálaðir. Hóta að hætta þátttöku í Eurovision. Tel miklar líkur á að þeir standi við það. #12stig



Stefán Hilmarsson

@stefanhilmars

#12stig „Is this the same Poland that

produced a pope?“, spurði Norton. Eðlilega.



Þórir Sæmundsson

@thorirsaem

Fyndnast er að það gæti enginn sungið þetta lag seinna í kvöld. Muna bara skeggið. Segir allt um þessa draslkeppni. #12stig



Bragi Valdimar

@bragivaldimar

Niðurstaða. Gott skegg. Sæmó lag. #12stig



Karl Pétur

@karlpetur

Kvöldið var stórsigur fyrir skeggrótina, en tap fyrir skoruna. #12stig



Reynir Eurovision

@euroreynir

Pollapönk og No Prejudice náði besta

árangri Íslands frá 2009. Stoltur af þeim! Þótt ég skuldi bjór! #12stig

**MAZDA2**

**LIPUR OG SPARNEYTINN**

VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.190.000 KR. – GERÐU VERÐSAMANBURÐ

5 stjörnu öryggi!

Mazda2 er sparneytinn, ótrúlega lipur og hagkvæmur í rekstri. Hann er búinn öflugri 1,3 lítra bensínvél sem þó eyðir einungis frá 4,3 l/100 km og fær frítt í stæði.\* Mazda2 er áreiðanlegur, öryggur, vel búinn og frábær í endursölu.

Taktu snúning á Mazda2, gerðu góð kaup og lækkaðu rekstrarkostnaðinn.

MAZDA. DEFY CONVENTION.

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Mazda2 eyðir 4,3 l/100 km í langkeyrslu og fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bilgreininni

brimborg

Öryggur staður til að vera á

## MERKISATBURÐIR

**1191** Ríkhjarður ljónshjarta gengur að eiga Berengaríu af Navarra og hún er krýnd drottning sama dag.

**1882** Konur fá takmarkaðan kosningarétt til sveitarstjórna. Eingöngu ekkjur og ógiftar konur sem orðnar eru 25 ára mega kjósa, en giftar konur ekki.

**1916** Hásetaverkfalli lýkur eftir að hafa staðið í tvær vikur. Þetta er fyrsta verkfall á Íslandi sem ber nokkurn árangur.

**1926** Roald Amundsen flýgur yfir Norðurpólninn.

**1935** Fyrsti golfvöllur á Íslandi er vígður í Laugardalnum.

**1942** Reykjavíkurborg kaupir Korpúlfsstaði af Thor Jensen.



**1984** Oddur Sigurðsson setur Íslands- og Norðurlandamet í 400 metra hlaupi: 45,36 sekúndur.

**1990** Ásgeir Sigurvinsson lýkur ferli sínum sem atvinnuknattspyrnumaður, en hann hófst 1973.

**1999** Skoska þingið kemur saman í fyrsta skipti.

**2008** Jarðskjálfti verður í Sesúan í Kína. Skjálftinn er átta stig á Richterskvarða. Um 69.000 manns láta lífið og fimm milljónir manna missa heimili sín.

**2009** Samtök fullveldissinna eru stofnuð gegn hugsanlegri aðild Íslands að Evrópusambandinu.

## ÞETTA GERÐIST 12. MAÍ 1937

# Nýr konungur krýndur í Bretlandi

Georg VI. og kona hans, lafði Elísabet, voru krýnd konungur og drottning Bretlands í Westminster þennan dag árið 1937. Georg, sem stundaði nám við sjóherskólann í Dartmouth og barðist í fyrri heimsstyrjöldinni, varð erfingi að hásetinu eftir að eldri bróðir hans, Játvarður VIII. konungur, sagði af sér í desember 1936. Játvarður var fyrsti þjóðhöfðingi Englands sem afsalaði sér sjálfviljugu hásetinu og titlinum. Það gerði hann til að ganga að eiga Wallis Warfield Simpson, sem var fráskilin Bandaríkjakona.

Árið 1939 varð Georg konungur fyrsti

þjóðhöfðingi Breta til að heimsækja Ameríku og Kanada. Hann og kona hans héldu kyrru fyrir í Buckingham-höll í seinni heimsstyrjöldinni þrátt fyrir að stöðug hætta væri á árásum. Þá hélt hann útvarpsræður til að efla baráttuvilja Breta, en til þess varð hann að sigrast á málhelti sem hann var haldinn.

Konungurinn veiktist alvarlega árið 1949. Þrátt fyrir það hélt hann áfram að inna af hendi embættisskyldur sínar allt til dauðadags árið 1952. Elsta dóttir hans varð arftaki hans og var Elísabet önnur krýnd Englandsdrottning í júní 1953 og ríkir enn.



TVÆR BÍOMYNDIR Í BÍGERÐ Theódór hefur í nægu að snúast á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

✠  
Bróðir minn,  
**SVEINN BIRGIR RÖGNVALDSSON**  
verður jarðsunginn frá Garðakirkju á Álfanesi föstudaginn 16. maí kl. 13.00.  
Guðný Kristín Rögnvaldsdóttir



✠  
Okkar ástkæri  
**BJARNI EYVINDSSON**  
lést sunnudaginn 4. maí sl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 15. maí kl. 13.00.  
Bergljót E. Ingvarsdóttir  
Steinunn Markúsdóttir  
Ásta Bjarnisdís Bjarnadóttir  
Brynjólfur Eyvindsson  
barnabörn og aðrir aðstandendur.  
Guðmundur H. Gestsson  
Soffía Arnardóttir



Nýtt á heimsvísu  
**VARANLEGT LETUR**  
Eingöngu hjá Graníthöllinni  
Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni  
Graníthöllin  
Legsteinar  
www.granithollin.is  
Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði ☎ 555-3888



**LEGSTEINAR**  
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHUTUM  
VÖNDUÐ VINNA  
Steinsmiðjan Mosaik  
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

# Er glaður í hjartanu

Stórleikarinn Theódór Júlíusson var kosinn heiðurslistamaður Kópavogsbæjar nú um helgina. Hann hefur komið víða við á sínum langa og farsæla ferli.

„Ég á erfitt með að lýsa tilfinningum mínum, ég held það sé ekki til mikið meiri heiður en að fá að vera kosinn heiðurslistamaður af sínu bæjarfélagi, sérstaklega í Kópavogi þar sem listin blómstrar,“ segir hinn 65 ára gamli leikari Theódór Júlíusson, en hann var útnefndur heiðurslistamaður Kópavogsbæjar í gær við hátíðlega athöfn í Gerðarsafni. „Ég er mjög glaður í hjartanu og þakka lista- og menningarráði með mikilli auðmýkt.“

Theódór hefur átt glæstan leiklistarferil. Hann er með diplómu í leiklist frá The Drama Studio í London og hefur á sínum langa ferli komið víða við. „Ég var í tíu ár starfandi sem leikari hjá Leikfélagi Akureyrar, það var lærdómsríkur tími og þar fékk maður að leika meiri og stærri hlutverk en þegar maður var kominn til höfuðborgarinnar, þar sem úrvalið og samkeppnin var meiri,“ bætir Theódór við. Hann flutti suður til Reykjavíkur árið 1989 og bauðst vinna í Borgarleikhúsinu sem var opnað sama ár.

„Það er eftirminnilegt að hafa fengið að taka þátt í opunarverkinu á stóra sviðinu, þar hef ég starfað síðan,“ segir Theódór. Fyrir utan að hafa leikið í fjölda sviðsverka, þá hefur hann leikstýrt fjölda sýninga hjá áhugaleikfélögum og hjá Leikfélagi Akureyrar og einnig leikið í fjölda kvikmynda. Er eitthvað sérstakt sem stendur upp úr á þínum langa og farsæla ferli?

→ **Kvikmyndir sem Theódór hefur leikið í Englar alheimsins Hafíð Mýrin Reykjavík-Rotterdam Djúpið Eldfjall**

„Það er margt eftirminnilegt, eins og til dæmis þegar ég var lánaður í Þjóðleikhúsið í eitt verkefni þar sem ég lék með Róberti Arnfinnssyni, hann var stórkostlegur leikari sem ég bar mikla virðingu fyrir. Það er líka ánægjulegt fyrir mig að ég er annar leikarinn á eftir honum sem fær þessa viðurkenningu sem heiðurslistamaður Kópavogs. Einnig þegar ég lék Sölva Helgason í leikriti Sveins Einarssonar um Sólun Íslandus. Manni verður líka hugsað til allra þeirra stórkostlegu listamanna sem maður hefur unnið með í gegnum tíðina. Þá eru mörg eftirminnileg verk sem ég tók þátt í í Borgarleikhúsinu eins og til dæmis Vanja frændi í samnefndu leikriti. Einnig var stórkostlegt að taka þátt í sýningunni Fjölskyldan undir leikstjórn Hilms Snæs Guðnasonar,“ segir Theódór. Hvort er þó skemmtilegra að leika á sviði eða í kvikmynd?

„Þetta er ólíkt en ég geri ekki upp á milli. Það er rosalega gaman að

→ Það er margt eftirminnilegt, eins og til dæmis þegar ég var lánaður í Þjóðleikhúsið í eitt verkefni þar sem ég lék með Róberti Arnfinnssyni, hann var stórkostlegur leikari sem ég bar mikla virðingu fyrir.

blanda þessu saman og hvort tveggja er innspýting fyrir leikarann, hvort sem það er að vera á sviði eða í myndum. Það geta komið tímar í leikhúsinu þar sem ekki allt tekst og maður hugsar að maður hefði getað gert betur en ánægjustundirnar eru þó talsvert fleiri.“ Fyrir utan leiklistina hefur Theódór starfað mikið að félagsmálum og var í nú ári í stjórn Leikfélags Akureyrar.

„Ég var einnig kosinn í stjórn Félags íslenskra leikara og var þar í 12 ár og eftir það var ég kosinn í stjórn Leikfélags Reykjavíkur og sat þar í 13 ár en fór úr stjórninni núna í október,“ bætir Theódór við. Hann er að búa sig undir tvær bíomýndir, önnur fer í tökur í ágúst og hin síðar. „Þetta er kvikmynd í leikstjórn Gríms Hákonarsonar og leggst rosalega vel í mig, þetta er svona bændamynd sem verður tekin í Bárðardal,“ segir Theódór um aðra af þeim myndum sem væntanlegar eru.

gunnarleo@frettabladid.is



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BLÓM OG BLÍÐA

Nú er tíminn fyrir vorverkin í garðinum. Hreinsa beð og bera á pallinn. Gott er að hafa allt tilbúið til að snæða utandyra þegar sólin skín og hitatölur hækka. Tími sumarblómanna er að renna upp. Gaman er að raða þeim fallega saman í útípotta.

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



www.weber.is

## ALLT SEM ÞARF FYRIR SUMARIÐ

**HALLDÓR JÓNSSON EHF. KYNNIR** Masterline hefur nú bætt við vörulínu sína sólarlínunni sem kallast Solaire og BB-kremum fyrir hendur og fætur.

Nú er komin viðbót við vörulínu Masterline á markað, sólarlínun Solaire og BB-krem fyrir hendur og fætur. Allar Masterline-vörurnar eru án parabena.

Masterline-sólarlínun verndar hárið gegn skaðlegum áhrifum sólar, klórs og saltvatns. Vörurnar gefa hárinu þá vernd sem það þarf í sumar og halda raka og lit í hárinu.

Þórunn Ívarsdóttir mælir bæði með sólarlínunni og BB-kreminu fyrir hendur og fætur. „Ég náldi mér í Repair-sjampóið frá Masterline en það hreinsar hárið vel eftir sólardag og gefur fallegan gljáa. Einnig á ég Spray Conditioner-hárnæringuna sem kemur í spreiformi og maður þarf ekki að skola úr sem gefur auka næringu og raka og er einnig mjög gott flókasprey. Síðan er það uppáhaldið mitt úr línunni en það er Protective Spray Oil sem er vörn í hárið áður en maður fer út í sólina. Hún verndar hárið og hárlitinn fyrir útfjólubláum geislum og neikvæðum áhrifum klórs og sjós. Mér finnst mjög góð lykt af vörunum og eru þær án parabena og SLES (sodium laureth sulfate) en ég er einmitt með ónæmi fyrir SLES. Spreyið er eitthvað sem ég ætla að pakka með mér í strandtöskuna fyrir utanlandsferðina og verður örugglega klárað í tveggja vikna sólarlandferðinni.“

Solaire-vörurnar koma í handhægum umbúðum sem þægilegt er að taka með sér í fríið og engin þörf á að taka neitt annað með sér.

Masterline BB-kremin eru fyrir hendur og fætur. Kremið smýgur hratt inn og gefur fallegan lit. Kremin koma í tveimur styrkleikum; fyrir ljósa og dökka húð. „Ég prófaði BB-kremin fyrir líkama og varð ekki fyrir vonbrigðum. Með hækkanði sól vil ég hafa smá lit á höndum og fótum. Það kemur fallegur litur og áferð með kreminu og ekki



skemmir fyrir að það veitir góðan raka um leið. Ilmurinn af kreminu er mildur og góður. Kremið skolast svo af í sturtunni,“ segir Þórunn.

Masterline Solaire-línan og BB-kremin fást í apótekum og Hagkaup.

### ÁNÆGD

Þórunn er ánægð með Masterline-vörurnar, bæði sólarlínuna fyrir hárið og BB-kremið fyrir hendur og fætur. MYND/GVA



## Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

**TUDOR** SKORRI **TUDOR**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

GERÐU GÆÐA - OG VERÐSAMANBURÐ

## Mikið úrval af hægindastólum



Nýjar sendingar Nýtt útlit Komdu og prófaðu!

BOAS hægindasófi með leðri á slitflötum Verð aðeins kr. **189.900**

Litir: Dökkbrúnt og grátt

### Raf-lyfti-hvildarstóll með leðri á slitflötum

Frábært fyrir fólk sem á erfitt með að standa upp

Verð aðeins kr.

**109.900**

Litir: Dökkbrúnt og grátt

12 mánn. vaxtalausar greiðslur - 3.5% lántökugjald



Baldur.nesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík



Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldur.nesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnþógi Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson  
sölufulfrúi



Guðbjörg G. Blöndal  
lögg. fasteignasali



Ásdís Írena Sigurðardóttir  
skjalagerð



Brynjólfur Snorrason  
sölufulfrúi



530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

**FASTEIGNASALAN BÆR**  
www.fasteignasalan.is

Elin Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali

**Safamýri 47** **19,9m**

Opið hús þriðjudaginn 13. maí kl. 18:00-18:30

**OPTU HÚS**

*Vantar eignir á skrá Fritt verðmat*

- Sér inngangur
- Íbúðin endurskipulögð og endurnýjuð 2003
- Þvottahús/geymsla innan íbúðar
- Vel skipulögð íb. skráð þ.í. 51,3 fm
- 1 svefnherbergi
- Jarðhæð, lítillaga niðurgrafin
- Vel viðhaldin eign

elin@fasteignasalan.is Sími: 695 8905

## Björt íbúð við Lindarbraut

Fasteignamarkaðurinn hefur til sölu bjarta fimm herbergja efri sérhæð við Lindarbraut á Seltjarnarnesi.

Íbúðin sem er fimm herbergja og 134,6 fm er í þrjúbílshúsi og bílskúrsréttur fylgir.

Gengið er upp flísalagðan stiga upp á efri hæð. Þar er sjónvarpshol með parketi og fata-skápum. Á svefngangi eru þrjú barnaherbergi og hjónaherbergi. Öll eru herbergin parketlögð og fataskápar í hjónaherbergi og tveimur barnaherbergjum.

Badherbergið er með glugga og flísalagt í gólf og vegg. Eldhúsið er flísalagt með hvítum innréttingum og góðri borðaðstöðu. Þvottaherbergi er inn af eldhúsi með góðum skápum og vinnuborði. Inn af því er síðan búr með góðum hillum og ruslalúgu.

Stofan er rúmgóð, parketlögð og björt með gólfsíðum gluggum að hluta og útgengi á rúmgóðar og skjólgóðar svalir sem vísa í suður með fallegu útsýni að Reykjanesi,



Snæfellsjökli og víðar. Geymslur eru bæði undir stiga og á jarðhæð.

Húsið að utan er í góðu ástandi,

nýlega viðgert og málað. Nýlegt aluzink er á þaki hússins og aluzink-kantur. Lóðin er stór, falleg og í góðri rækt.

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested lögg. fasteignasali. einar@fastmos.is

KJARNNA - ÞVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081 WWW.FASTMOS.IS

**Laxatunga 79 - 270 Mos**

Nýtt á skrá Laus strax

Fallegt 204 m<sup>2</sup> parhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Laxatunga 79 í Mosfellsbæ. Húsið eru fókelt og selt í því ástandi sem það er. **V. 25,9 m.**

**Hagaland - 270 Mosfellsbær**

Stórt og glæsilegt 361,2 m<sup>2</sup> einbýlishús á 2 hæðum með aukaiðbúð og tvöföldum bílskúr við Hagaland 7 í Mosfellsbæ. Húsið stendur innst í litlum botnalanga á fallegum stað. Fallegt útsýni. Gott skipulag. Fallegar innréttingar. **V. 78,5 m.**

**Drápuhlíð 19 - 105 Reykjavík**

Nýtt á skrá Laus strax

78,2 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja kjallaraíbúð með séringangi við Drápuhlíð 19. Íbúðin skiptist í forstofu, geymslu, eldhús, badherbergi, holstofu og svefnherbergi með öðru svefnherbergi inn af. **V. 23,9 m.**

**Jötunborgir 7 - 112 Reykjavík**

Nýtt á skrá

Mjög fallegt 180,2 m<sup>2</sup> parhús á tveimur hæðum með bílskúr á fallegum útsýnisstað við Jötunborgir 7 í Grafarvogi. Eignin skiptist í forstofu, gestasalerni, stóra stofu/borðstofu og eldhús á efri hæð og sjónvarpshol, 2 barnaherbergi, badherbergi, stórt hjónaherbergi m/ fataherbergi, þvottahús og geymsla á neðri hæð. **V. 49,5 m.**

**Krummahólar 8 - 111 Reykjavík**

Nýtt á skrá Laus strax

Falleg 81,1 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi, ásamt bílastæði í bílageymslu við Krummahóla 8 í Reykjavík. Gott skipulag. Stórar svalir með útsýni í suður. Eignin er skráð 105,7 m<sup>2</sup>, þar af íbúð 74,9 m<sup>2</sup>, geymsla 7,0 m<sup>2</sup> og bílastæði í bílageymslu(skráð sem bílskúr) 23,8 m<sup>2</sup>. **V. 21,9 m.**

**Asparholt 4 - Garðabær/Álftanes**

Nýtt á skrá Laus strax

Falleg 76,2 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð með séringangi á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi við Asparholt 4 í Garðabær/Álftanesi. Íbúðin skiptist í svefnherbergi, forstofu, badherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Sérgeymsla á jarðhæð. **V. 21,7 m.**

**Lautasmári 2 - 201 Kópavogur**

Nýtt á skrá Laus strax

Falleg 4ra herbergja íbúð á 2. hæð ásamt bílskúr samtals 132,1 m<sup>2</sup> við Lautasmára 2 í Kópavogi. Eignin er skráð 132,1 m<sup>2</sup>, þar af íbúð 101,8 m<sup>2</sup>, geymsla 6,7 m<sup>2</sup> og bílskúr 23,6 m<sup>2</sup>. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofugang, badherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. **V. 35,9 m.**

**Stakkhamrar 27 - 112 Reykjavík**

OPIÐ HÚS

Opið hús þriðjudaginn 13 maí frá kl. 17:30 til 18:00

Fallegt og vel skipulagt 167,3 m<sup>2</sup> einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Stakkhamra 27 í Grafarvogi. Hellulagt bílplan og garður með timburverönd í suðvestur. Eignin skiptist í 3-4 svefnherbergi, forstofu, badherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr með góðu geymslulofti. **V. 49,9 m.**

**Pykkvibær 10 - 110 Reykjavík**

Nýtt á skrá

106,3 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt 41 m<sup>2</sup> bílskúr á þessum vinsæla stað við Pykkvabæ 10 í Árbænum. Einbýlishúsið er forskalað timburhús byggt árið 1966 og bílskúrin er steyptur árið 1973. Stór lóð með stóru malbikuðu bílastæði. **V. 39,5 m.**

**Langalína 7 - 210 Garðabær**

Nýtt á skrá Laus strax

Mjög falleg 106,2 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja á jarðhæð ásamt bílastæði í býlageymslu við Löngulínu 7 í Garðabæ. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Stór timburverönd. **V. 37,7 m.**



**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Elías Haraldsson**  
Lögg. fasteignasali  
elias@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**  
Sölumáður  
gjsti@fastmark.is



**Elín D. Wyszmirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Halveig Guðadóttir**  
Skrifstofustjóri  
halveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Sjávargrund- Garðabæ. 3ja – 4ra herbergja.



Glæsileg 115,0 fm. íbúð með sérinnangi og tveimur sér veröndum auk 20,5 fm. bílskýlis í kjallara, sem innangengt er í úr íbúðinni. Rúmgóð sér lóð er fyrir framan íbúðina með verönd þar sem nýtur sólar allan daginn og fram á kvöld. Samliggjandi rúmgóðar sofur með aukinni lofthæð að hluta. Sér þvottaherbergi er innan íbúðarinnar. Auðvelt er að bæta við einu svefnherbergi í íbúðina ef vill. Hús nýmálað að utan.

**Verð 34,9 millj.**

### Básbryggja 51. 3ja herbergja íbúð.



**EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**

Glæsileg 100,0 fm. íbúð á 1. hæð í mjög vönduðu fjölbýlishúsi á frábærum stað við sjávarkambinn auk sérstæðs 30,8 fm. bílskýrs. Svalir út af stofu með frábæru sjávarútsýni. Opið eldhús með vönduðum innréttingum. Tvö herbergi. Sér þvotta-herbergi innan íbúðar.

**Verð 34,9 millj.**  
Íbúð merkt 0103.  
Sigurður á bjöllu.  
Verið velkomin.

### Baldursgata 6a - Reykjavík. 3ja herbergja íbúð.



**EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Á MORGUN FRÁ KL. 17.30-18.00**  
Vel skipulögð 66,5 fm. íbúð á 2. hæð í nýuppgerðu steinhúsi í Þingholtunum. Eldhús með fallegum upprunalegum innréttingum. Björt stofa. Rúmgóð herbergi. Möguleiki væri að setja svalir til suðurs útaf stofu. Hús að utan er nýviðgert (2013). Sameiginlegt geymslurís yfir öllu húsinu.

**Verð 26,9 millj.**  
Verið velkomin.

### Nýlendugata 6 - Reykjavík.



**EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Á MORGUN FRÁ KL. 17.30-18.00**

Afar glæsilegt 148,3 fm. einbýlishús á þremur hæðum á rúmgóðri lóð við Nýlendugötu. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. árum og að utan er húsið nýviðgert og múrað uppá nýtt. Samliggjandi bjartar stofur og eldhús í rúmgóðu opnu rými. Þrjú herbergi. Húsið stendur á 252,0 fermetra afgirri eignarlóð, sem nýlega var tekin í gegn með jarðvegsskiptum og hún tyrfd. Frábær staðsetning í mjög sjarmerandi umhverfi austast á Nýlendugötu í þyrpingu gamla húsa, með aðkomu frá Norðurstíg.

**Verð 54,9 millj.**  
Verið velkomin.

## ATVINNUHÚSNÆÐI



### VESTURHLÍÐ 7 - SKRIFSTOFUHÚSN.

Mjög gott 117 fm. þjónustu-/skrifstofuhúsnæði á tveimur hæðum. Húsnæðið er með innkeyrsludryrum og góðum göngudryrum. Tilvalið fyrir heildsölu/skrifstofur. Neðri hæð er um 70 fermetrar, efri hæðin er um 40 fermetrar. **Laust til afhendingar 1. júní nk. Góð að koma og fjöldi bílastæða**

## 3JA HERBERGJA



### HRAUNTEIGUR - REYKJAVÍK.

- 66,5 fm. kjallaraíbúð á þessum eftirsóttasta stað.  
- Rúmgóð stofa. Tvö herbergi. Baðherbergi með sturtuklefa.  
- Frábær staðsetning, Laugardalur í göngufæri.  
- Fallegur gróinn garður.

**20,9 millj.**

## 4RA- 6 HERBERGJA



### LAXAKVÍSL - 5 HERB. ENDAÍBÚÐ.

Mjög falleg 131,7 fm 5. herbergja endaíbúð á 2. hæð í lágreistu fjölbýli. Aðeins fjórar íbúðir í húsinu. Íbúðinni fylgir 25,7 fm bílskýr sem stendur sér í lengju. Samtals 157,4 fm. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Eldhús með fallegri innréttingu úr birki. Endahús í botnlanga.

**42,9 millj.**

## SÉRBYLI



### LAUGARÁSVegur - REYKJAVÍK.

- 200,0 fm. tvílyft þarhús að meðt. 22,2 fm. innb. bílskýr.  
- Sofa og borðstofa, aukin lofthæð. Fallegur arinn í stofu.  
- Flísalagðar svalir til suðurs. Hellulögð verönd.  
- Frábær staðsetning. Laust til afhendingar fjótleaga.

**65,0 millj.**



### LAUGAVEGUR 51. SKRIFSTOFUHÚSN.

Til leigu glæsilegt og algjörlega endurnýjað 161,0 fm. skrifstofurými á 2. hæð við Laugavegin. Nýtt eldhús með nýjum tækjum, ný salerni og ný gólfefni. Hæðin er öll nýmáluð að innan með nýjum loftljósum. Eitt sér bílastæði á baklóð fylgir rýminu. **Laust til afhendingar nú þegar.**



### BÁSBRYGGJA- REYKJAVÍK.

- Glæsileg 100,0 fm. íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýlishúsi.  
- Frábær staðsetning við sjávarkambinn. 30,8 fm. bílskýr.  
- Opið eldhús. Rúmgóð stofa. 2 herbergi.  
- Sjávarútsýni af svölum. Þvottaherb. innan íbúðar.

**34,9 millj.**



### BRÁVALLAGATA - RVK. TVÆR ÍBÚÐIR.

Vel skipulögð 4ra herbergja 85,4 fm. íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi auk sér um 40 fm. 2ja herbergja nýinnréttaðar íbúðar í risi hússins. Skjólógðar svalir til suðurs út af barnaherbergi stærri íbúðar. Áhvilandi eru 19,0 millj. lán, óverðtryggt með 7,5% vöxtum frá Íslandsbanka.

**36,9 millj.**



### BAKKASTADIR.

- Mjög fallegt 253,8 fm. einbýlishús. Önnréttað rými í risi.  
- Tvennar stofur auk borðstofu. Fjögur herbergi.  
- Stór um 100 fm. suðvesturverönd með heitum potti.  
- Frábær staðsetning. Glæsilegt útsýni. Stutt í skóla.

**71,0 millj.**



## ESKIHOLT

### Eskiholt - Garðabæ. Glæsilegt einbýlishús á útsýnisstað.

Glæsilegt 302,5 fm. einbýlishús á tveimur hæðum/pöllum að meðt. 38,0 fm. tvöföldum bílskýr. Stórkostlegs útsýnis nýtur frá eigninni. Glæsilegar stofur með arni. Garðstofa. Fjöldi herberja. Flísalagðar svalir út af eldhúsi. Falleg ræktuð lóð með tjörn og fossi, fallegu holtagrjóti, fjöllum plöntum og fjölda trjátegunda. Tvö auka bílastæði eru við húsið og yfirbyggð tvö bílastæði eru fyrir framan bílskýr. **Verð 79,9 millj.**



## TRADARLAND

### Traðarland - Reykjavík.

259,7 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með allt að 6 svefnherbergjum á þessum eftirsóttasta stað í Fossvoginum. Húsið stendur innst í botnlanga í lokaðri götu stutt frá íþróttasvæði Víkings og skólum. Samliggjandi stofur með arni. Hjónaherbergi með fataherbergi innan. Stórt opið fjölskyldurými. Sex herbergi. Mögulegt er að innrétta sér íbúð í kjallara hússins, en í honum er full lofthæð og góðir gluggar. Skjólógð verönd til suðurs. **Verð 68,9 millj.**

## Grandavegur 47- Rvk. 2ja herbergja íbúð útsýnisíbúð.



**OPIÐ HÚS  
Í DAG**

**EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG**

**FRÁ KL. 17.30-18.00**

Snyrtileg 65,8 fm íbúð á 7. hæð í þessu eftirsóttu lyftuhúsi fyrir eldri borgara. Eignin skiptist í anddyri/gang, svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, þvottahús og stofu. Rúmgóðar svalir til suðurs með glerlokun og sér þvottaherbergi innan íbúðarinnar. Tvær lyftur og húsvörður. Sameiginlegur matsalur og sameiginlegur líkamsræktarsalur. Stutt er í þjónustu í húsi fyrir eldri borgara við Aflagranda 40.

**Verð 24,7 millj.**

Íbúð merkt 0705.  
Verið velkomin.

## Úthlíð 16 – Reykjavík. Neðri sérhæð.



**OPIÐ HÚS  
Í DAG**

**EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG**

**FRÁ KL. 17.15 - 17.45**

Vel skipulögð og frábærlega staðsett 155,9 fm. 6 herbergja neðri sérhæð með suðursvölum. Eignin er í góðu ástandi og skiptist í rúmgott hol, eldhús með eldri hvítum innréttingum, stofu með frönskum gluggum til suðurs, borðstofu, fjögur herbergi auk vinnuherbergis og flisalagt baðherbergi. Svalir til suðurs út af einu herbergi. Frábær staðsetning, nærri skólum og í góðu göngufæri við miðborgina.

**Verð 54,9 millj.**  
Verið velkomin.

## Lindarbraut – Seltjarnarnesi. Efri sérhæð.



Glæsileg og björt 5 herbergja 134,6 fm. efri sérhæð í nýlega endurnýjuðu þríbýlishúsi við Lindarbraut auk bílskúsréttar. Stofa með gólf-síðum gluggum að hluta. Þrjú barnaherbergi, öll ný parketlögð. Stígapallur/sjónvarpshol. Rúmgóðar svalir til suðurs og mjög fallegt útsýni að Reykjanesi, Snæfellsjökli og víðar. Frábær staðsetning við opið leiksvæði. Stutt er í skóla og aðra þjónustu.

**Verð 46,9 millj.**

## Urðarstígur 14 – Reykjavík



**OPIÐ HÚS  
Á MORGUN**

**EIGNIN ER TIL SÝNIS**

**Á MORGUN FRÁ KL. 17.15 - 17.45**

Fallegt og mikið endurnýjað 189,9 fm. parhús á þremur hæðum á rólegum stað utarlega í Þingholtunum. Húsið var allt innréttað uppá nýtt árið 2006, m.a. gólfefni, innihurðir, baðherbergi, raflagnir og tafla, neysluvatnslagnir að hluta o.fl. og er í mjög góðu ástandi hið innra. Stórar samliggjandi stofur. Borðstofa og eldhús í stóru opnu rými. Þrjú herbergi. Tvennar svalir til suðvesturs eru útaf stofum á efstu hæð hússins og nýtur þaðan mikils útsýnis, sem og frá stofum. Afgirt baklóð.

**Verð 64,9 millj.**  
Verið velkomin.

## SÉRBÝLI



### REYKJAVÍKURVEGUR- SKERJAFIRÐI.

Heil húseign með aukaíbúð í bakhúsi á 618,0 fm. eignarlóð í Litla Skerjafirðinum. Framhúsið er á þremur hæðum, kjallari, hæð og ris, samtals 109,2 fm. að stærð og bakhúsið, sem er endurbyggt árið 2006 er 24,5 fermetrar að stærð. Húsið stendur á mjög stórra eignarlóð.

**39,9 millj.**

## SÉRBÝLI



### ÞRASANES- GARÐABÆ

Glæsilegt 364,8 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með möguleika á aukaíbúð á neðri hæð á frábærum útsýnisstað á Arnarnesinu. Rúmgóðar glæsilegar stofur auk arinstofu og sólstofu. Gufubað. Ræktuð lóð með skjólgóðum veröndum til suðurs og heitum potti. Hiti er í innkeyrslu og stéttum við húsið að stærstum hluta. Þrjú sér bílastæði eru á lóðinni. Húsið að utan er í góðu ástandi.

**89,0 millj.**

## 4RA- 6 HERBERGJA



### LANGALÍNA- SJÁLANDI GARÐABÆ. 5 HERB. ÍBÚÐ.

Glæsileg 171,8 fm. íbúð á efstu hæð með um 85 fm. þakgarði til suðurs og vesturs í nýlegu og vönduðu fjölbýlishúsi. Tvö sér stæði í bilageymslu fylgja eigninni. Íbúðin er innréttað á vandaðan og smekklegan hátt. Lofthæð í íbúðinni er allt að 5,5 metrar. Samliggjandi rúmgóðar og bjartar stofur með gólf síðum gluggum. Þrjú herbergi. Tvö glæsileg baðherbergi.

**85,0 millj.**



### SPORÐAGRUNN – REYKJAVÍK.

Glæsilegt 334,6 fm. einbýlishús á þremur hæðum auk um 30 fm. sólstofu. Sér 3ja herbergja íbúð er í kjallara, litlið niðurgratin og með fullri lofthæð. Eignin er í góðu ásigkomulagi og hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á undanföllum árum. Aðalíbúð skiptist m.a. í rúmgott hol með arni, samliggjandi stofur með útgangi á stórar svalir til vesturs. Ræktuð lóð með hellulögn á baklóð.

**89,0 millj.**



### STARARIMI- REYKJAVÍK.

Mjög gott 207 fm (+ 70 fm lagnakjallari) tvílyft einbýlishús í Grafarvogi. Tvær íbúðir eru í húsinu í dag. 37,8 fm. flisalagður bílskúr. Aðalíbúðin skiptist m.a. í hol, 3 svefnherbergi, baðherbergi, stofu og eldhús. Sér 2ja herbergja íbúð á neðri hæð. Lóð til suðvesturs. Mikil timburverönd fyrir framan hús með skjólveggjum.

**67,0 millj.**



### VATNSSTÍGUR - SJÁVARÚTSÝNI.

Glæsileg 149,2 fm. íbúð á 4. hæð í glæsilegu lyftuhúsi í Skuggahverfinu með tvennum svölum og sjávarútsýni. Íbúðin er innréttað á vandaðan og smekklegan hátt. Samliggjandi rúmgóðar stofur. Úr stofum er útsýni út á sundin og að Esjunni. Svalir til austurs út af báðum herbergjum. Glæsilegt baðherbergi. Tvær geymslur í kjallara fylgja auk sér bílastæðis í lokaðri og upphitaðri bilageymslu.

**74,9 millj.**

## GRUNDARSTÍGUR



### Grundarstígur - 4ra herbergja íbúð á efstu hæð.

Stórglæsileg 112,8 fm. íbúð á efstu hæð með tvennum svölum og bæði með sér bílskúr og sér stæði í bilageymslu á frábærum stað í nýlegu húsi í Þingholtunum. Íbúðin er innréttað á mjög vandaðan máta og mikil lofthæð er í eigninni. Bjartar stofur. Eldhús með miklum innréttingum. Sjónvarpsstofa sem auðvelt er að breyta í svefnherbergi. Tvö herbergi. Tvennar svalir.

**Verð 57,9 millj.**

## MÓAFLÖT



### Móaföt – Garðabæ

Glæsilegt 210,4 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 48,8 fm. innréttaðum bílskúr á Flötunum í Garðabæ. Húsið var nánast allt endurnýjað hið innra og ytra fyrir ca. 5 árum síðan og er í mjög góðu ástandi. Gólfefni eru ný og gólfhitalagnir í öllu húsinu. Allar innréttingar, innihurðir, eldhús, baðherbergi og lýsing í loftum eru endurnýjuð. Rúmgóð setustofa, borðstofa og stór skáli opinn við stofu. Hjónasvita með miklum fataskápum. Að utan var húsið einangrað uppá nýtt og klætt með flisum. 1.046 fm. gróin lóð með verönd til suðurs og fallegri lýsingu.



Sverrir Kristinsson,  
frankvæmdastjóri,  
lögg. fasteignasali

Guðmundur  
Sigurjónsson,  
lögfræðingur,  
lögg. fasteignasali

Þorleifur St.  
Guðmundsson,  
lögg. fasteignasali

Kjartan  
Hallgeirsson,  
lögg. fasteignasali

Geir Sigurðsson,  
lögg. fasteignasali

Hilmar Þór  
Hafsteinnsson,  
lögg. leigumiðlari,  
lögg. fasteignasali

Magnús Geir  
Pálsson,  
sölumaður

Þórarinn M.  
Friðgeirsson,  
lögg. fasteignasali

Guðlaugur I.  
Guðlaugsson,  
sölumaður

Reynir Björnsson  
lögg. fasteignasali

Jóhanna  
Valdimarsdóttir,  
gjaldkeri

Elin Þorleifsdóttir,  
ritari

Ásdís H.  
Júlíusdóttir  
ritari

Guðrún Magnea  
Arnadóttir,  
ritari

## HRAUNPRÝÐI 12 GARÐABÆ - NÝTT ENDARAÐHÚS



OPÍÐ HÚS  
Þriðjudag

Glæsilegt nýtt endaraðhús á einni hæð ásamt yfirbyggðu bílskýli. Húsið afhendist fullfrágengið að öllu leiti með vönduðum innréttingum og fataskápum frá HTH. Gólfefni eru flísar og parket. Hellulagt bílapan með snjóbræðslu. Húsið afhendist fullbúið. Hagstæð lán geta fylgt. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 13.mai milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 59,9 m. 2878**

## FLYÐRUGRANDI 6 107 RVK. ÍBÚÐ MERKT 02-02.



OPÍÐ HÚS  
Þriðjudag

3ja herbergja falleg íbúð með sér inngangi (beint aðgengi) og stórum suðursvölum. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 13.mai milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 28,5 m. 3533**

## SÆVIÐARSUND 27 104 RVK. ÍBÚÐ MERKT 02-01.



OPÍÐ HÚS  
Mánudag

Falleg og frábærlega staðsett 3ja herbergja 110,2 fm íbúð á 2. hæð (efstu), með innbyggðum bílskúr, við Sæviðarsund í Reykjavík. Íbúðin er vel skipulögð með bjarta og stóra stofu, með útgangi út á rúmgóðar L-laga svalir sem snúa til suðurs og vesturs. **Eignin verður sýnd mánudaginn 12.mai milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 29,9 m. 3890**

## HRAUNPRÝÐI 11 GARÐABÆ - NÝTT PARHÚS



OPÍÐ HÚS  
Þriðjudag

Nýtt parhús á einni hæð ásamt yfirbyggðu bílskýli. Húsið afhendist fullfrágengið að öllu leiti með vönduðum innréttingum og fataskápum frá HTH. Gólfefni eru flísar og parket. Hellulagt bílapan með snjóbræðslu. Húsið afhendist fullbúið. Hagstæð lán geta fylgt. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 13.mai milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 58,9 m. 2877**

## VESTURBERG 141 111 RVK. - FALLEGT EINBÝLISHÚS



OPÍÐ HÚS  
Þriðjudag

(OPÍÐ HÚS BORDI ÞRIÐJUDAGINN) Fallegt 182,3 fm einbýlishús á þremur pólum á rólegum og grónum stað ásamt 29,2 fm bílskúr, samtals 211,5 fm. Falleg suðurlöð. Húsið hefur verið endurnýjað tólvært á sl. árum m.a. baðherbergi, eldhús og garður. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 13.mai milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 46,9 m. 3931**

## EYKTARHÆÐ 1 - GARÐABÆR



OPÍÐ HÚS  
Mánudag

(OPÍÐ HÚS BORDI MÁNUDAGINN) Fallegt og bjart 225,4 fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr í Garðabæ. Fallegt útsýni, fjögur svefnherbergi og fallegar innréttingar. **Eignin verður sýnd mánudaginn 12.mai milli kl. 17:30 og kl. 18:00. V. 78 m. 3914**

## ÓÐINGGATA 24 - SÉR INNGANGUR



OPÍÐ HÚS  
Mánudag

barnafatnað og hefur skapað sér áhugaverða sérstöðu. Nýútskrifaður mastersnemi í textílhönnun fær styrk til starfsnáms hjá hönnunarfyrirtæki í Þýskalandi. Hönnunarsjóður Auroru heldur auk þessa áfram stuðningi við Hönnunarmiðstöð Íslands vegna uppbyggingar HönnunarMars-hátíðarinnar og skrásetningar þess viðburðar.

Stefnt er að því að næsta úthlutun úr sjóðnum verði í nóvember næstkomandi. Umsóknarfrestur fyrir næstu úthlutun er til 15. september.



**STYRKHAFAR** Alls hlutu sjö verkefni styrk úr Hönnunarsjóði Auroru að þessu sinni. MYND/ADRIANA PACHECO



**HRAFNSAUGA** Snæbjörn Brynjarsson og Kjartan Yngvi Björnsson hlutu verðlaunin 2012, en þau voru ekki veitt í fyrra.

## Búið að velja verðlaunahafa

Fimmtíu handrit bárust í samkeppnina um Íslensku barnabókaverðlaunin í ár og hafa dómnefndarmenn legið í lestri síðan skilafresturinn rann út í byrjun febrúar. Nú hefur dómnefnd lokið störfum og valið það handrit sem kemur út undir merkjum verðlaunanna í haust.

Nafn verðlaunahafans verður ekki gert opinbert fyrr en verðlaunin verða veitt í haust en búið er að hafa samband við hann. Aðrir sem sendu handrit í samkeppnina mega nú sækja þau á skrifstofu Forlagsins að Bræðraborgarstíg 7. Handritin verða geymd í fjóra mánuði, til 5. september 2014, en síðan fargað. Verðlaunarsjóður íslenskra barnabóka þakkar öllum þátttökum og áhugann.

Íslensku barnabókaverðlaunin voru stofnuð í tilefni af sjötugsafmæli rithöfundarins Ármanns Kr. Einarssonar og hafa verið veitt frá árinu 1986. Á síðasta ári stóð þó ekkert innsent handrit undir kröfum og voru verðlaunin því ekki veitt fyrir árið 2013.



**MEISTARASTYKKI** Ásmundur við stólinn góða.

## Meistarastykki Ásmundar

Sýningin Meistarahendur var opnuð í Ásmundarsafni á laugardaginn. Þar gefur að líta verk sem spanna feril Ásmundar Sveinssonar og sýna vel þróunina sem varð á sýn hans í gegnum tíðina. Meðal verka er sveinsstykki Ásmundar, útskorinn stóll frá námsárum hans, og höggmyndir sem hann gerði sem nemandi við sænsku ríkisakademíuna. Síðar komu stórbrotin meistaraverk sem lofsyngja íslenska alþýðu, sagnir og náttúru og loks er á sýningunni fjöldi abstraktverka sem listamaðurinn vann á síðustu áratugum ævi sinnar.

Eitt af þeim fjölmörgu verkum sem verða á sýningunni Meistarahendur er útskorinn stóll sem Ásmundur Sveinsson gerði meðan hann var í tréskurðarnámi hjá Ríkhaldi Jónssyni. Ásmundur vann á árunum 1915-1919 á vinnustofu Ríkhards og lærði þar frumatriði í dráttlist og hefðbundin handbrögð í tréskurði. Hann smíðaði meðal annars blaðhnífa, pennastöng og öskjur og skar að auki út skraut á skápa og stólbök.

## UMSÓKNARFRESTUR 16. MAÍ

# MEISTARANÁM

**LISTKENNSLA**  
**MYNDLIST**  
**HÖNNUN**  
**TÓNSMÍÐAR**  
**SKÖPUN, MIÐLUN OG**  
**FRUMKVÖÐLASTARF** (NAIP)

Um er að ræða tveggja ára nám sem gefur listamönnum og hönnuðum tækifæri til að efla hæfileika sína og dýpka þekkingu sem listkennarar eða listamenn í frjóu akademísku umhverfi. Takmarkaður fjöldi nemenda á hverri námsbraut.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR UM HVERJA NÁMSBRAUT, INNTÖKUSKILYRÐI OG INNTÖKUFERLI ER Á LHI.IS**

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland Academy of the Arts

## Dægradvöl endurútgefin

Dægradvöl Benedikts Gröndal er ein rómaðasta sjálfsævisaga íslenskra bókmennta og hefur nú verið endurútgefin í kilju. Hún er skrifuð á seinustu áratugum 19. aldar þegar höfundurinn var tekinn að reskjust og kom ekki út fyrr en löngu eftir hans dag.



**BENEDIKT GRÖNDAL**

„Í bókinni birtist okkur þúsundþjálasmíður og skáld, viðkvæmur maður en hreinskiptinn, opin-skár um líðan sína og hagi, oft fyndinn og fjörugur en stundum innilega fúll – ævinlega sjálfum sér líkur. Verkið hefur einnig að geyma margar frábærar mannlýsingar, bæði af ýmsum frægustu persónum aldarinnar og óþekktu alþýðufólki, og dregur upp einstaka mynd af íslensku samfélagi 19. aldar.“ segir í tilkynningu um útgáfuna.

Umsjón með útgáfunni hafði Guðmundur Andri Thorsson.



**GESTALEKTOR** Karl Aspelund flytur innsetningarfyrirlestur sinn í dag.

## Hvaða fatnaður hentar í geimnum?

Karl Aspelund flytur í hádeginu í dag innsetningarfyrirlestur í stöðu gestalektors við námsbraut í þjóðfræði og safnafræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Ísland.

Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestursal Þjóðminjasafnsins og ber yfirskriftina Efnismenning geimsins – Fatnaður og samfélag um borð í stjarnflaugum framtíðarinnar.

Í fyrirlesturinum veltir Karl fyrir sér hvaða fatnaður sé heppilegur til langvalar úti í geimnum, í ljósi þess að stefnt er að því að senda mannaðar stjarnflaugar út fyrir sólkerfið innan eitt hundrað ára. Á næstu áratugum verða jafnframt til varanleg samfélög manna í geimstöðvum og á öðrum hnöttum. Rétt eins og á jörðinni verður klæðnaður í geimnum einn þráður í flóknum vef efnismenningar í þessum samfélagum.

Fyrirlesturinn er haldinn í samstarfi við Þjóðminjasafnið og hefst klukkan 12.

## Frumflutningur á þýðingu Fuglsins bláa

Fuglinn blái verður fluttur í Tjarnarbíói annað kvöld til stuðnings Amnesty International.

Vonarstrætisleikhúsið með stuðningi Tjarnarbíós efnir til leiklestrar á Fuglinum bláa annað kvöld, þriðjudaginn 13. maí, til eflingar á hugsjónastarfi Amnesty International, en Íslandsdeild Amnesty verður 40 ára á þessu ári.

Fuglinn blái er eitt þekktasta verk leikbókmenntanna og hlaut höfundurinn, Maurice Maeterlinck, bókmenntaverðlaun Nóbels fyrir það verk árið 1911. Fuglinn blái fór sigurför um heiminn þegar hann kom fram, þrátt fyrir að hann krefðist feikilegs sviðs-

búnaðar og í honum væru 106 hlutverk. Hann hefur tvisvar verið kvikmyndaður og einnig var búin til leikin sjónvarpsröð byggð á honum.

Hér er leikurinn stytur til muna og það eru 17 leikarar sem fara með hlutverkin, margir þó mörg.

Hátt á annan tug þjóðkunnra listamanna taka þátt í flutningnum á leiknum sem er í íslenskum bünungi eftir Einar Ól. Sveinsson. Þetta er frumflutningur á þessari þýðingu, en leikurinn hefur verið

leikinn um víða veröld í heila öld. Sveinn Einarsson býr leikinn til flutnings og stýrir leiklestrinum.

Allir listamenn sem koma að flutningi Fuglsins bláa gera það endurgjaldslaust og Tjarnarbíói leggur einnig fram húsaskjólíð endurgjaldslaust til ágóða fyrir Amnesty. Leiklesturinn hefst klukkan 20.



**LEIKSTJÓRINN** Sveinn Einarsson býr leikinn til flutnings og stýrir leiklestrinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

				<b>Ábyrgð</b>	
		<b>Pekking</b>		<b>Árangur</b>	
		<b>Færni</b>		<b>Eftirlit</b>	
		<b>Umhyggja</b>		<b>Endurhæfing</b>	
	<b>Gæði</b>			<b>Fagmennska</b>	
	<b>Heilsuefning</b>			<b>Forræði</b>	
	<b>Heilsugæsla</b>			<b>Forvarnir</b>	
	<b>Heilsuvernd</b>			<b>Fræðsla</b>	
<b>Kennsla</b>		<b>Mat</b>			<b>Nýjungar</b>
<b>Leiðsögn</b>		<b>Meðferð</b>			<b>Ráðgjöf</b>
<b>Lýðheilsa</b>		<b>Menntun</b>			<b>Rannsóknir</b>
<b>Málsvörn</b>		<b>Nám</b>			<b>Samhæfing</b>
			<b>Samheldni</b>		
			<b>Samhjálp</b>		
			<b>Sérhæfing</b>		
			<b>Skilningur</b>		
	<b>Skipulagning</b>				<b>Trúnaður</b>
	<b>Skyldur</b>				<b>Virðing</b>
	<b>Stefnumótun</b>				<b>Þjálfun</b>
	<b>Stjórnun</b>				<b>Öryggi</b>

## Alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga 12. maí

Góð heilbrigðisþjónusta er ein forsenda þess að einstaklingar geti notið góðrar heilsu.

Hjúkrun er sá þáttur heilbrigðisþjónustu á Íslandi sem nær til flestra landsmanna.

Hjúkrun er **pekking**, **færni** og **umhyggja** í þágu þjóðarinnar.



FÉLAG ÍSLENSKRA  
HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Suðurlandsbraut 22 – 108 Reykjavík – Sími 540 6400 – hjukrun@hjukrun.is

**GEFÐU VATN**  
gjofsemgefur.is  
907 2003

Hjálparstarf Kirkjunnar

**LAUGARÁSBÍÓ** **Coca-Cola**

**BAD NEIGHBOURS** **LÁSI**

<b>LAUGARÁSBÍÓ</b>	Sýningartímar
BAD NEIGHBOURS	5:50, 8, 10:10
LÁSI LÖGGUBÍLL	6
THE OTHER WOMEN	8, 10:10
SPIDERMAN 2 3D	10:20
RIO 2D	5:40

**SAMbio.is**

**Oldboy**

JOSH BROLIN OG SAMUEL L. JACKSON Í MAGNAÐARI HASARMYND

**BAD NEIGHBOURS**

SETH ROGEN ZAC EFRON ROSE BYRNE

THE BATTLE FOR THE STREET BEGINS.

FRÁ FRAMLEIÐANDANUM CHRISTOPHER NOLAN

**ALFABAKKA**

BAD NEIGHBOURS	kl. 5:50 - 8 - 10:10
BAD NEIGHBOURS VIP	kl. 5:50 - 8 - 10:10
TRANSCENDENCE	kl. 5:30 - 8 - 10:30
THAT AWKWARD MOMENT	kl. 8
DIVERGENT	kl. 5:10 - 8 - 10:50
CAPTAIN AMERICA 2 3D	kl. 5:10 - 8 - 10:45
NOAH	kl. 10:10

**FJÓLSKYLDUDAGAR TILBOD 300 KR.**

THE LEGO MOVIE **esTa2D** kl. 5:50

**EGILSHÖLL**

OLDBOY	kl. 5:40 - 8 - 10:20
TRANSCENDENCE	kl. 8 - 10:35
THAT AWKWARD MOMENT	kl. 5:50 - 8
DIVERGENT	kl. 5:10 - 7:40 - 10:10
CAPTAIN AMERICA 2 2D	kl. 4:50 - 10:30

**KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI**

OLDBOY	kl. 5:40 - 8 - 10:20
TRANSCENDENCE	kl. 5:40 - 8 - 10:30
THAT AWKWARD MOMENT	kl. 10:50
DIVERGENT	kl. 8

**KEFLAVÍK**

OLDBOY	kl. 10:20
BAD NEIGHBOURS	kl. 8 - 10:10
TRANSCENDENCE	kl. 8

**AKUREYRI**

OLDBOY	kl. 8 - 10:30
TRANSCENDENCE	kl. 8 - 10:30

**FJÓLSKYLDUDAGAR TILBOD 300 KR.**

THE LEGO MOVIE **esTa2D** kl. 5:50

MUPPETS MOST WANTED **esTa2D** kl. 5:40

**SMÁRA BÍÓ** **HÁSHÖLA BÍÓ**

**BAD NEIGHBOURS** **LÁSI**

<b>SMÁRA BÍÓ</b>	5% A
BAD NEIGHBOURS	kl. 5:40 - 8 - 10:10
BAD NEIGHBOURS LUXUS	kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:10
LÁSI LÖGGUBÍLL	kl. 3:30
THE OTHER WOMAN	kl. 5:30 - 8 - 10:25
THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D	kl. 5 - 8 - 10
RIO 2 2D ÍSL. TAL.	kl. 3:30
HARRY OG HEIMIR	kl. 3:30 - 6 - 8

**HÁSHÖLA BÍÓ**

BAD NEIGHBOURS	kl. 8 - 10:10
LÁSI LÖGGUBÍLL	kl. 5:40
THE OTHER WOMAN	kl. 8 - 10:25
THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D	kl. 6 - 9
HARRY OG HEIMIR	kl. 6 - 8
GRAND BUDAPEST HOTEL	kl. 5:45 - 10:15

Midásala á: **eMiði**

**BÍÓBYLTING**

BESTA VERÐIÐ Ódyrara fyrir kl. 19.

FJÓLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.

GÆÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.

VANAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING



**58** Framlag Pollapöns, No Prejudice, lenti í 15. sæti í Eurovision-keppninni. Tvisvar áður hefur framlag Ísland lent í því sæti, annars vegar Nína í flutningi Stefáns & Eyfa árið 1991 og hins vegar Núna í flutningi Björgvins Halldórssonar árið 1995.

Alls fékk lagið 58 stig, sem er lægra en meðalstigafjöldi Íslendinga í keppninni, sem er 64,3 stig. Ísland hefur að meðaltali lent í 12,4. sæti í keppninni síðan við tókum fyrst þátt árið 1986.

## Enn af fordómum

**BAKPANKAR** Hauks Viðars Alfreðssonar

Þrátt fyrir að hressilegt framlag Íslendinga í Eurovision hafi endað „hægra megin“ á skjánum um helgina voru úrslit keppinnar mér að skapi. Evrópa tók afstöðu gegn fordómum og kaus skeggjaða dragdrottningu til sigurs.



**EINN** ágætur á Facebook lýsti því reyndar yfir að hann telði að þeir sem héldu með henni gerðu það til að „auglýsa meint fordómaleysi sitt“. Það má vera að það sé rétt í einhverjum tilfellum og er það þá bara lóð á hina vogarskálina.

**FORDÓMAR** eru nefnilega víða auglýstir og rötuðu til dæmis misfögur tíst Íslendinga um belgíska keppandann á síður vefmiðla í síðustu viku. Hann var í digrari kantinum og upphófst óformleg keppni á Twitter um það hver gæti verið fyndnastur á hans kostnað.

**ÞÁ** auglýstu margir fordóma sína í athugasemdakerfi Vísis fyrir helgi í fréttum sem sneru að umdeildri stytta á kaffihúsi í miðbænum. Styttan þykir einmitt endurspeglar fordóma en fordómur Virkra í athugasemdum beindust aðallega að fréttinni um mannfræðinginn sem reyndi að útskýra tengingu stytunnar við rasisma.

**FÆSTIR** virtust hafa lesið það sem mannfræðingurinn hafði um málið að segja. Það kom þó ekki í veg fyrir að þeir tjáðu sig um fréttina. Á milli upphrópana mátti svo finna spurningar sem svarað var í viðtalinu. Það er ein gerð fordóma. Að hafa sterkar skoðanir á kvikmynd sem þú hefur ekki séð, söngvara sem þú hefur ekki heyrt í og frétt sem þú hefur ekki lesið (og munt líklega aldrei lesa).

**EN** enginn er víst alveg fordómalaus. Ég tók til dæmis minna en ekkert mark á fyrrnefndum ummælum Facebook-vinarins um að þeir sem héldu með Austurríki væru með því að auglýsa umburðarlyndi sitt. Ekki af því að mér þótti ummælin heimskuleg heldur vegna þess að sá sem skrifaði þau er úr Hafnarfirði.

## „Erum eining og óstöðvandi“

Austurríska dragdrottningin Conchita Wurst bar sig úr bítum í Eurovision. Rússneski stjórnmálamaðurinn Vladímír Zhirinovsky lýsir sigrinum sem „endalokum Evrópu“. Conchita lætur það ekki á sig fá.

Austurríska dragdrottningin Conchita Wurst, sem heitir réttu nafni Tom Neuwirth, sigraði í Eurovision á laugardagskvöldið með lagið Rise Like a Phoenix sem fékk alls 290 stig. Fyrir keppnina fóru þjóðirnar Rússland, Hvíta-Rússland og Armenía fram á að Conchita fengi ekki að keppa eða að atríði hennar yrði klippt út úr útsendingunni til þeirra. Þjóðirnar höfðu ekki erindi sem erfiði og eftir að útsendingu keppinnar lauk var blásið til umræðubátar í rússneska ríkissjónvarpinu. Þar sagði rússneski stjórnmálamaðurinn Vladímír Zhirinovsky meðal annars að sigur hennar væri „endalok Evrópu“.

„Það eru engin takmörk fyrir þessu hneyksli. Þetta er hamslaust. Í Evrópu eru ekki lengur karlmenn eða kvenmenn, bara það,“ sagði Vladímír.

Evrópubúar eru sem betur fer ósammála Rússum en Vladímír Pútín Rússlandsforseti undirritaði umdeild lög í fyrra sem banna fólki að tala opinberlega um samkynhneigð með jákvæðum hætti. Mikið var þúað þegar Tolmachevy-systurnar, framlag Rússa í Eurovision, höfðu lokið flutningi sínum á laginu Shine sem og þegar stigakynnir Rússa las upp stigin frá landinu á laugardagskvöldið.

Conchita lætur þessi óföggu orð í sinn garð ekki á sig fá.

„Mér fannst í kvöld að Evrópa hafi sýnt að hún sé eining sem er full af virðingu og umburðarlyndi. Við erum óstöðvandi. Þið vitið hver þið eruð. Við erum eining og óstöðvandi,“ sagði Conchita við blaðamenn eftir sigurinn og var orðum hennar greinilega beint að Pútín Rússlandsforseta.



hljakatrin@frettabladid.is

**HRÆDIST EKKERT** Tom kom fyrst fram sem Conchita árið 2011 í þættinum Die große Chance á sjónvarpsstöðinni ORF.

MYND/EUROVISION

## Listmunauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 12. maí, kl. 18 í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu verður gott úrval verka samfélagslistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd mánudag kl. 10–17

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

Sæmundur Valdimarsson

**BÍÓ PARADÍS** **EUROPA CINEMAS**

**Á LEIÐ Í SKÓLANN**

**MONICA Z**

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

→ Petta er fyrsti sigur Austurríkis í Eurovision síðan 1966.

→ Conchita var sjötta á sviði í undanúrslitunum og ellefta í úrslitunum en hún á einmitt afmæli 6. nóvember.

→ Lagið Rise Like A Phoenix hljómar eins og Bond-lag. Þegar hún var spurð hvort hún væri til í að vera næsta Bond-stúlka á blaðamannafundi eftir keppnina sagði hún brosandi: „Ég held að þið vitið svarið: Neil!“

→ **Hollendingar hafa verið sigursælir**

Marcel Bezençon-verðlaunin eru veitt árlega eftir að ljóst er hver sigurvegari Eurovision-keppinnar er. Í ár fékk lagið Rise Like a Phoenix með Conchitu Wurst sérstök fjölmiðlaverðlaun en sú verðlaun eru veitt af fjölmiðlafólki til þess lags sem þótti skara fram úr í keppninni.

Hollenski dúettinn The Common Linnets, sem þau Ilse DeLange og Waylon skipa, fékk listrænu verðlaunin sem lýsundur þjóðanna velja og lag þeirra, Calm After The Storm, fékk höfundaverðlaun sem lagahöfundar þeirra þjóða sem taka þátt í Eurovision velja. Lagið sömdu Ilse DeLange, JB Meijers, Rob Crosby, Matthew Crosby og Jake Etheridge.



# NÝR PEUGEOT 2008

## SJÁÐU UMHVERFIÐ Í NÝJU LJÓSI



Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá 3,4 til 4,5L/100km og CO<sub>2</sub> útblástur (g/km) frá 87 til 104.

**PEUGEOT 2008 KOSTAR FRÁ KR. 3.130.000**

**MOTION & EMOTION**



**PEUGEOT**



Bernhard ehf • Vatnagördum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bilver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



Þú finnur okkur á  
**Facebook**  
facebook.com/PeugeotIceland

## > 31 dagur í HM í Brasilíu

Heimsmeistarakeppnin í fótbolta fer nú fram í tuttugasta sinn frá upphafi og að þessu sinni verður hún á heimavelli sigursælustu HM-þjóðarinnar frá upphafi, Brasilíu. Það eru 64 ár síðan Brasilíumenn héldu HM síðast (1950) og enn fremur 36 ár síðan HM-keppnin fór fram í Suður-Ameríku (Argentína 1978). Tvær aðrar keppnir hafa farið fram í Suður-Ameríku því sú fyrsta fór fram í Úrúgvæ 1930 og sú sjöunda var haldin í Síle árið 1962. Að þessu sinni taka 32 þjóðir þátt eða tvöfalt fleiri en þegar HM var síðast í Suður-Ameríku í júní 1978. Heimsmeistarakeppnin í ár hefst með opunarleik Brasilíu og Króatíu í Sao Paulo 12. júní næstkomandi og lýkur með úrslitaleiknum á Maracana-leikvanginum í Ríó 13. júlí.



## Hamilton búinn að vinna fjögur mót í röð

**FORMÚLA 1** Lewis Hamilton er hreinlega óstöðvandi í Formúlunni þessa dagana en hann vann sinn fjórða kappakstur í röð á Spáni í gær.

Hann er fyrir víkið orðinn efstur í stigakeppni ökuþóra en Hamilton er með þriggja stiga forskot á liðsfélaga sinn, Nico Rosberg, en báðir keyra þeir fyrir Mercedes.

Hamilton leiddi keppnina í gær frá upphafi til enda. Rosberg andaði ofan í hálmálið á honum allan tímann en aðrir bílar voru víðs fjarri.

Daniel Ricciardo á Red Bull varð þriðji og heimsmeistarinn Sebastian Vettel fjórði.

„Ef ég á að segja eins og er þá keyrði ég ekki nógu hratt í dag. Nico var að keyra hraðar en ég. Sem betur fer fékk ég góðar ráðleggingar frá mínu fólki og okkur tókst að þúsla þessu saman,“ sagði Hamilton eftir keppnina.

„Hann er að keyra betur en ég almennt en ég hef náð að byrja keppnirnar vel og það hefur reynst mér mjög dýrmætt.“

Rosberg var svektur að hafa ekki náð félagasínum.

„Einn hringur í viðbót og þá hefði ég getað látið á það reyna að komast fram úr Lewis. Ég er frekar svektur



**GLAÐUR** Hamilton brosti breitt á verðlaunapallinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY en það er engu að síður gott að hafa náð öðru sæti. Það eru enn margar keppnir eftir,“ sagði Rosberg. - hbg

## ÚRSLIT

**CARDIFF CITY - CHELSEA** 1-2  
1-0 Craig Bellamy (14.), 1-1 Andre Schürrle (71.), 1-2 Fernando Torres (74.).

**FULHAM - CRYSTAL PALACE** 2-2  
0-1 Dwight Gayle (27.), 1-1 Cauley Woodrow (61.), 1-2 Dwight Gayle (83.), 2-2 David (90.+4).

**HULL CITY - EVERTON** 0-2  
0-1 James McCarthy (8.), 0-2 R. Lukaku (45.).

**LIVERPOOL - NEWCASTLE** 2-1  
0-1 Martin Skrtel, sjm (20.), 1-1 Daniel Agger (62.), 2-1 Daniel Sturridge (64.).

**MAN. CITY - WEST HAM** 2-0  
1-0 Samir Nasri (38.), 2-0 Vincent Kompany (48.).

**NORWICH CITY - ARSENAL** 0-2  
0-1 Aaron Ramsey (52.), 0-2 Carl Jenkinson (61.).

**SOUTHAMPTON - MAN. UTD** 1-1  
1-0 Rickie Lambert (28.), 1-1 Juan Mata (53.).

**SUNDERLAND - SWANSEA** 1-3  
0-1 Nathan Dyer (6.), 0-2 Marvin Emnes (14.), 1-2 Fabio Borini (50.), 1-3 Wilfried Bony (54.).

**TOTTENHAM - ASTON VILLA** 3-0  
1-0 Paulinho (13.), 2-0 Baker (34.), 3-0 Adeb (37.).

**WBA - STOKE CITY** 1-2  
0-1 Gareth McAuley (22.), 1-1 Stephane Sessegnon (55.), 1-2 Charlie Adam (87.).

### LOKASTADAN

Manchester City	38	27	5	6	102-37	86
Liverpool	38	26	6	6	101-50	84
Chelsea	38	25	7	6	71-27	82
Arsenal	38	24	7	7	68-41	79
Everton	38	21	9	8	61-39	72
Tottenham	38	21	6	11	55-51	69
Man. United	38	19	7	12	64-43	64
Southampton	38	15	11	12	54-46	56
Stoke City	38	13	11	14	45-52	50
Newcastle	38	15	4	19	43-59	49
Crystal Palace	38	13	6	19	33-48	45
Swansea City	38	11	9	18	54-54	42
West Ham	38	11	7	20	40-51	40
Sunderland	38	10	8	20	41-60	38
Aston Villa	38	10	8	20	39-61	38
Hull City	38	10	7	21	38-53	37
West Brom	38	7	15	16	43-59	36
Norwich	38	8	9	21	28-62	33
Fulham	38	9	5	24	40-85	32
Cardiff	38	7	9	22	32-74	30

# Man. City gerði engin mistök

24 ára bið Liverpool eftir Englandsmeistaratitlinum lauk ekki í gær. Liverpool kláraði sinn leik en þurfti að treysta á tap hjá Man. City en það var aldrei í kortunum. Leikmenn City öruggir og fögnuðu titlinum.

**FÓTBOLTI** Það var mikil spenna fyrir lokaumferðina í ensku úrvalsdeildinni en bæði Man. City og Liverpool áttu möguleika á meistaratitlinum. Man. City stóð betur að vígi og sigldi bikarnum heim með sannfærandi sigri á West Ham.

Gestirnir náðu ekki einu sinni skoti á markið og Man. City varð verðskuldaður Englandsmeistari. Þeirra annar titill á þremur árum.

„Ég er stjóri frábærra leikmanna sem eru í frábæru félagi og spila fyrir enn betri áhorfendur,“ sagði stoltur stjóri City, Manuel Pellegrini, eftir leikinn en hann gerði liðið að meisturum á sínu fyrsta ári með liðið.

„Þegar upp er staðið þá erum við að uppskera allt sem við gerðum í vetur. Við höfum lagt mikið á okkur og gengið í gegnum mikið. Það er frábært að hljóta þennan titil og ég tel okkur eiga það skilið.“

Það gekk brösuglega framan af hjá City en þegar liðið fór í gang var það ekki stöðvað.

„Þetta var mjög sérstakt tímabil fyrir okkur. Við stokkuðum spilin eftir að hafa aðeins fengið eitt stig í fyrstu sex útileikjunum okkar. Þá sagði ég strákunum að við þyrftum að gera ákveðnar breytingar. Þeir trúðu á það sem ég hafði fram að færa og ekkert lið fékk fleiri stig



**MEISTARAR** Vincent Kompany, fyrirlíði Man. City, lyftir hér bikarnum eftirsóttá.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

á útivelli eftir þetta. Það skipti sköpum að þeir tryðu á mig og það sem ég hafði fram að færa.“

Liverpool stimplaði sig aftur inn í hóp bestu liða Englands í vetur og árangur liðsins frábær. Hann er þó súrsætur í ljósi þeirrar stöðu sem liðið var komið í.

„Þetta hefur verið ótrúlegt tímabil. Að vinna tólf af fjórtán leikjum þessa árs er ótrúlegt afrek hjá strákunum,“ sagði Brendan Rodgers, stjóri Liverpool, en hann er búinn að koma liðinu í Meistaradeildina á nýjan leik.

„Við erum með ungt lið og okkur

hefur tekist að fá stuðningsmennina til þess að trú á liðið. Það er okkar hlutverk. Við munum styrkja okkur í sumar og verðum klárir í baráttuna næsta vetur. Nú trúum við því að við getum farið alla leið.“

henry@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### OLÍS-DEILD KVENNA

**STJARNAN - VALUR** 26-23

**Stjarnan-kvenna - Mörk (skot):** Jóna Margrét Ragnarsdóttir 10/3 (14/4), Helena Rut Örvarsdóttir 6 (8), Sandra Sif Sigurjónsdóttir 2 (2), Þórhildur Gunnarsdóttir 2 (3), Hildur Harðardóttir 2 (3), Nataly Sæunn Valencia 2 (4), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 2 (8), Sólveig Lára Kjærnestad (2).

**Varin skot:** Florentina Stanciu 23/1 (46/7, 50%), **Hraðaupphlaup:** 2 ( Þórhildur 2 )

**Fiskuð víti:** 4 (Jóna, Hildur, Esther, Sólveig)

**Valur-kvenna - Mörk (skot):** Kristín Guðmundsdóttir 10/4 (16/5), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 5/2 (7/2), Morgan Porkelsdóttir 3 (3), Sigurlaug Rúnarsdóttir 2 (2), Karólína Lárudóttir 2 (5), Bryndís Elín Wöhler 1 (3).

**Varin skot:** Berglind Iris Hansdóttir 14 (39/2, 36%), Sigríður Arnfrjörð Ólafsdóttir (1/1, 0%), **Hraðaupphlaup:** 2 ( Morgan, Karólína )

**Fiskuð víti:** 7 (Kristín, Anna 2, Morgan 2, Bryndís, Rebekka Rut )

**Staðan í einvíginu er 2-1 fyrir Stjarnuna.**

### OLÍS-DEILD KARLA

**HAUKAR - ÍBV** 26-19

**Haukar - Mörk (skot):** Einar Pétur Pétursson 5 (6), Sigurbergur Sveinsson 5/4 (7/4), Brynjólfur Snær Brynjólfsson 3 (5), Árni Steinn Steinþórsson 3 (7), Tjörvi Þorgeirsson 3 (8), Jón Þorbjörn Jóhannsson 2 (2), Elías Már Halldórsson 2 (4), Einar Ólafur Vilmondarson 1 (1), Þröstur Þráinsson 1 (1), Jónatan Ingi Jónsson 1 (2).

**Varin skot:** Giedrius Morkunas 25/2 (44/5, 57%)

**ÍBV - Mörk (skot):** Agnar Smári Jónsson 4 (9), Theódór Sigurbjörnsson 4/3 (9/5), Einar Gauti Ólafsson 2 (3), Grétar Þór Eypþórsson 2 (6/1), Róbert Aron Hostert 2 (8), Andri Heimir Friðriksson 1 (1), Magnús Stefánsson 1 (1), Svavar Grétarsson 1 (1), Hallgrímur Júlíusson 1 (2), Guðni Ingvarsson 1 (5)

**Varin skot:** Kolbeinn Aron Ingibjargarson 10 (26/2, 38%), Henrik Víkan Eidsvág 1 (11/2, 9%), **Staðan í einvíginu er 2-1 fyrir Hauka.**

**Fjölísivöllur**  
Áhorf.: 736  
Valdimar Pálsson (6)

**Mörkin:** 0-1 Kolbeinn Kárason (78.), 1-1 Einar Karl Ingvarsson (84.)

**FJÖLNIR (4-3-3):** Þórður Ingason 7 - Gunnar Valur Gunnarsson 6 (71., Einar Karl Ingvarsson -), Atli Már Þorbergsson 6, Bergsveinn Ólafsson 7, Guðmundur Þór Júlíusson 6 - Illugi Gunnarsson 6, Gunnar Már Guðmundsson 5, Guðmundur Karl Guðmundsson 6 - Ragnar Leósson 3 (81., Guðmundur Böðvar Guðjónsson -), Aron Sigurðarson 7\* (64., Christopher Tsonis 6), Þórir Guðjónsson 6.

**VALUR (4-3-3):** Fjalur Þorgeirsson 7 - James Hurst 6, Magnús Már Lüðvíksson 6, Mads Nielsen 6, Bjarni Ólafur Eiríksson 6 - Haukur Páll Sigurðsson 6 (24., Kristinn Ingi Halldórsson 4), Halldór Hermann Jónsson 4, Kristinn Freyr Sigurðsson 6 - Lucas Ohlander 4 (75., Kolbeinn Kárason -), Sigurður Egill Lárusson 5 (86., Arnar Sveinn Geirsson -), Indriði Áki Þorláksson 5.

**Skot (á mark):** 12-8 (4-5)

**Horn:** 3-7

**Varin skot:** Þórður 4 - Fjalur 3



**EITT SKREF ENN** Stjarnan getur tryggð sér titilinn í næsta leik. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



## Íþróttastuðningshlífur

Mikið úrval af stuðningshlífum frá Sporlastic. Vandaðar vörur á góðu verði.

Sporlastic vörurnar fást einnig í Lyfju Lág múla, Reykjavíkurapóteki og Apóteki Vesturlands, Akranesi.

**SPORLASTIC**

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

**FASTUS**

Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16, 2.h. Opíð mán - fös 8.30 - 17.00  
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

Ný vara!  
Prófaðu hana  
strax í dag

# Prófaðu nýjar íslenskar skonsur

frá Myllunni

Gríptu nýju skonsurnar frá Myllunni með í búðinni. Þær eru nýbakaðar á hverjum degi í bakaríi Myllunnar í Skeifunni. Fáðu bragðgóðar ekta íslenskar skonsur í hádeginu eða með kaffinu. Þær eru litlar og nettar og því afar hentugt að grípa þær með sér til að fá sér smá bita.

Útbúðu þína uppáhaldsskonsu, t.d. með smjöri og osti, salati og góðu áleggi eða bara sírópi.

*Prófaðu nýju skonsurnar frá Myllunni sem fást í næstu verslun.*

NÝTT!



*Skonsurnar frá Myllunni eru íslensk framleiðsla. Þær eru mjúkar, bragðgóðar og ilmandi*



*Taktu þær með í nesti  
Skoðaðu [myllan.is](http://myllan.is)*



Viltu skonsuna þína með smjöri og osti eða sírópi? Fylgstu með okkur á [facebook.com/Myllubraud](https://facebook.com/Myllubraud) og segðu okkur hvemig þér finnst skonsurnar bestar. Við viljum heyra hvað þér finnst.



## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.15

#### Höfðingjar heim að sækja

Vandaðir þættir með Evu Laufeyju Kjara sem heimsækir þjóðþekktu Íslendinga. Viðmælendurnir eru sannkallaðir sælkerar og eru flestir þekktir fyrir eitthvað allt annað en að vera í eldhúsinu. Þeim líður engu að síður dásamlega heima í eldhúsinu að undirbúa gómsætar kræsingar handa fjölskyldu og vinum.



#### House of Cards

**RÚV KL. 20.55** Lokabáttur þessarar vinsælu þáttaraðar um klækjastjórnsmál og pólitískan refskaup. Meðal leikenda eru Kevin Spacey, Michael Gill, Robin Wright og Sakina Jaffrey. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.



#### The Tonight Show

**SKJÁREINN KL. 22.50** Spjallþáttasniðingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsælu Tonight Show sem hafa slegið öll áhorfsmet. X-Men-leikarinn James McAvoy lítur við hjá Jimmy Fallon í kvöld ásamt sjónvarpsleikkonunni Amy Schumer.



#### Taken 2

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 01.15** Spennumynd frá 2012 með Liam Neeson í aðalhlutverki. Bryan Mills er fyrrverandi leyniþjónustumaður sem frelsaði dóttur sína úr klóm mannræningja. Nú hyggur faðir eins mannræningjans á hefndir og leggur allt undir til að handsama Mills og fjölskyldu hans.

### Bylgjan kl. 06.50

#### Í bítið

Heimir, Gulli Helga og Hulda byrja daginn með hlustendum Bylgjunnar með því að spila hressandi tónlist og fara yfir málefni líðandi stundar.



## SPORT

besta sætið

## Tveir leikir í beinni!

Fótboltaveislan byrjar þegar Framarar mæta Þórsurum í Laugardal. Ríkjandi Íslandsmeistarar í KR mæta svo taplausum FH-ingum í risaslag. Það verður hart barist fram að lokamínútu í þessum stórleikjum. Við minnum svo á Pepsi mörkin kl. 22:30.

SPORT Í kvöld kl. 17:45

### FRAM – ÞÓR

SPORT Í kvöld kl. 20:30

### KR – FH

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.00 Malcolm in the Middle (15:22)
- 08.25 One Born Every Minute (6:8)
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors (153:175)
- 10.15 Smash (10:15)
- 10.55 Perfect Couples (7:13)
- 11.45 Falcon Crest (15:28)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 The X-Factor US (17:26)
- 14.25 ET Weekend (34:52)
- 15.10 Ofurhetjusérsvéitin
- 15.40 Villingarnir
- 16.05 Frasier (7:24)
- 16.30 Mike & Molly (5:23)
- 16.50 How I Met Your Mother (7:24)
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.55 Simpson-fjölskyldan (19:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Stóru málin
- 19.50 The Goldbergs (3:23)
- 20.15 Höfðingjar heim að sækja
- 20.35 Suits (14:16)
- 21.20 Game Of Thrones (6:10)
- 22.15 The Americans (10:13)
- 23.05 Vice (4:12)
- 23.35 The Big Bang Theory (22:24)
- 23.55 The Mentalist (19:22)
- 00.40 The Smoke (5:8)
- 01.25 Veep (1:10)
- 01.50 Boss (7:10)
- 02.50 American Horror Story (5:12)
- 03.30 Eastwick (11:13)
- 04.10 Hellcats (21:22)
- 04.50 Mike & Molly (5:23)
- 05.10 How I Met Your Mother (7:24)
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

besta sætið

- 07.00 LA Clippers - Oklahoma
- 10.00 Reykjavíkurmótið í hestafþróttum
- 11.35 Brooklyn - Miami
- 13.25 Meistarad. Evrópu – fréttaþáttur
- 13.55 Elche - Barcelona
- 15.35 Atletico Madrid - Malaga
- 17.15 Spænsku mörkin 2013/14
- 17.45 Fram - Þór
- 20.00 KR - FH Bein útsending.
- 22.30 Pepsímörkin 2014
- 00.35 KR - FH
- 02.25 Pepsímörkin 2014

## SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 Derby - Brighton
- 10.20 WBA - Stoke
- 12.00 Southampton - Man. Utd.
- 13.40 Hull - Everton
- 15.20 Norwich - Arsenal
- 17.00 Man. City - West Ham
- 18.40 QPR - Wigan Bein útsending.
- 20.45 Liverpool - Newcastle
- 22.25 Cardiff - Chelsea
- 00.05 QPR - Wigan

## STÖÐ 3

- 17.20 Grand Designs (2:12)
- 18.10 Hart Of Dixie (12:22)
- 18.50 Amazing Race (11:12)
- 19.35 Bleep My Dad Says (4:18)
- 20.00 Lying Game (9:10)
- 20.45 Glee 5 (15:20)
- 21.30 The Vampire Diaries (14:22) Þriðja þáttaröðin um unglingsstólku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lífað í meira en 160 ár.
- 22.10 Pretty Little Liars (11:25)
- 23.00 Nikita (12:22)
- 23.40 Southland (7:10)
- 00.25 Amazing Race (11:12)
- 01.10 Bleep My Dad Says (4:18)
- 01.30 Lying Game (9:10)
- 02.15 Glee 5 (15:20)
- 03.00 The Vampire Diaries (14:22)
- 03.40 Tónlistarmyndb. frá Popptíví

## Krakkastöðin

- 07.00 Lukku láki
- 07.25 Skógardýrið Húgó
- 07.47 Hello Kitty
- 07.55 Rasmus Klumpur
- 08.00 Brunabíllarnir
- 08.23 Latibær
- 08.47 Skoppa og Skríttla enn út um hvippinn og hvappinn
- 09.00 Dóra könnuður
- 09.24 Mörgæsirnir
- 09.45 Doddi litli
- 09.55 Leyndarmál vísindanna
- 10.00 Áfram Diego, áfram!
- 10.24 Svampur Sveins
- 10.45 Hvellur keppnisbíll
- 10.55 UKI
- 11.00 Lukku láki
- 11.22 Skógardýrið Húgó
- 11.44 Hello Kitty
- 11.56 Rasmus Klumpur
- 12.00 Brunabíllarnir
- 12.23 Latibær
- 12.47 Skoppa og Skríttla enn út um hvippinn og hvappinn
- 13.00 Dóra könnuður
- 13.24 Mörgæsirnir
- 13.45 Doddi litli
- 13.55 Leyndarmál vísindanna
- 14.00 Áfram Diego, áfram!
- 14.24 Svampur Sveins
- 14.45 Hvellur keppnisbíll
- 14.55 UKI
- 15.00 Lukku láki
- 15.22 Skógardýrið Húgó
- 15.44 Hello Kitty
- 15.56 Rasmus Klumpur og félagar
- 16.00 Brunabíllarnir
- 16.23 Latibær
- 16.47 Skoppa og Skríttla enn út um hvippinn og hvappinn
- 17.00 Dóra könnuður
- 17.24 Mörgæsirnir frá Madagaskar
- 17.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 17.55 Leyndarmál vísindanna
- 18.00 Áfram Diego, áfram!
- 18.24 Svampur Sveins
- 18.45 Hvellur keppnisbíll
- 18.55 UKI
- 19.00 Algjör Sveppi og leitinn að Villa
- 20.20 Sögur fyrir svefninn

## GULL

- 17.55 Strákarnir
- 18.25 Friends (11:24)
- 18.50 Seinfeld (13:24)
- 19.15 Modern Family (16:24)
- 19.40 Two and a Half Men (2:24)
- 20.05 Sjálfstætt fólk
- 20.30 Eldsnöggt með Jóa Fel (1:12)
- 21.00 The Killing (3:13) Spennandi og dularfullur sakamálabáttur um rannsókn lögreglu á morði á ungru stúlku.
- 21.45 Sisters (6:7)
- 22.30 The Newsroom (2:10)
- 23.25 Anna Pihl (8:10)
- 00.10 Lærkevej (6:10)
- 00.50 Sjálfstætt fólk
- 01.15 Eldsnöggt með Jóa Fel (1:12)
- 01.40 The Killing (3:13)
- 02.25 Sisters (6:7)
- 03.10 The Newsroom (2:10)
- 04.05 Tónlistarmyndb. frá Popptíví

## BÍÓ

- 11.50 The Magic of Bell Isle
- 13.40 Solitary Man
- 15.10 The Vow
- 16.55 The Magic of Bell Isle
- 18.45 Solitary Man
- 20.15 The Vow
- 22.00 Hitchcock
- 23.40 Trainspotting
- 01.15 Taken 2
- 02.50 Hitchcock

## RÚV

- 16.45 Herstöðvarlíf (12:23)
- 17.30 Kólabræður (12:13)
- 17.39 Grettir (29:46)
- 17.52 Engilbert ræður (62:78)
- 18.00 Tákn málsfréttir
- 18.10 Ferðastíkkur (5:8)
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Veðurfréttir
- 19.30 Íþróttir
- 19.40 Kastljós
- 20.00 Leikið á bragðlaukana (The Truth about Taste) Vönduð heimildarmynd frá BBC um bragðskynið og skýringar þess af hverju okkur finnst ákveðinn matur góður og annar ekki, auk þess sem rætt er við fólk sem þjálfar sig í smökkun matar.
- 20.55 Spilaborg (13:13)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Sínfóníutónleikar – í fjarlægum heimi (2:2)
- 23.20 Skylduverk (2:5)
- 00.20 Kastljós
- 00.40 Fréttir
- 00.50 Dagskrárlök

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond (6:16)
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 16.00 Last Chance to Live (2:6)
- 17.00 Judging Amy (15:23)
- 17.45 Dr. Phil
- 18.25 Top Gear Best of (3:4)
- 19.15 Rules of Engagement (7:26)
- 19.40 Everybody Loves Raymond
- 20.05 Trophy Wife (18:22)
- 20.30 Top Chef (7:15) Það er komið að sjöundu seríunni í þessum stórskemmtilega bandaríska raunveruleikaþætti. Pau Tom Colicchio og Padma Lakshmi fá til sín sautján efnilega matreiðslumenn sem þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu.
- 21.15 Hawaii Five-0 (20:22)
- 22.00 CSI (18:22)
- 22.50 The Tonight Show
- 23.35 Law & Order (13:22)
- 00.20 Agents of S.H.I.E.L.D. (4:22)
- 01.05 Hawaii Five-0 (20:22)
- 01.50 The Tonight Show
- 02.35 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRSPORT

- 06.00 Motors TV
- 12.00 Bayern Munchen - VfB Stuttgart
- 14.00 Motors TV
- 18.00 Bayern Munchen - VfB Stuttgart
- 20.00 Motors TV

## Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2014 ( 4:4)
- 14.30 Golfing World 2014 ( 75:240)
- 15.20 PGA Tour 2014 - Highlights ( 17:39)
- 16.15 2013 Players Championship Official
- 17.05 Golfing World 2014 ( 76:240)
- 17.55 PGA Tour 2014 ( 1:4)

## INN

- 20.00 Frumkvöðlar
- 20.30 Eldhús meistaranna
- 21.00 Landsmót hestamanna
- 21.30 Stormað um Hafnarfjörð

## ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,1 Rás 2

## FM 90,9

- Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

## FM 96,3

- FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið

## FM 98,9

- Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 Kaninn

## FM 102,2

- Útv. Latibær
- FM 102,9 Lindin
- FM 105,5 Útvarp Boðun



**32" HD LED sjónvarp**  
**TILBOÐ**

**49.989**  
FULLT VERÐ 54.989

**FINLUX**

**32"**

32" HD LED sjónvarp með DVD spilara og 1366x768p upplausn. Progressive Scan. Stafrænn DVB-T móttakari. USB, 2x HDMI, Ci, CVBS og heyrnartólstengi. Hótelstilling.

FINLUX 32FLXR180D

Ariete 1784

Einföld og góð 500w matvinnsluvél með 2ja lítra skál. 2 hraðar og puls möguleiki. Stál hnifur.



**Blu-Ray spilarari með DVD**  
**TILBOÐ**

**17.989**  
FULLT VERÐ 24.989

**Panasonic**  
Panasonic DMPBD79BK



Blu-Ray spilarari með DVD uppsköpun í 1080p. High Def 1080p @ 24fp. DTS-HD og Dolby TrueHD fyrir hágæða 7.1 heimabíó. DTS-HD Master Audio Essential / DTS-HD High Resolution Audio. 2x USB og HDMI tengi með Deep Color.

AC-RyanPlayonIHD3  
Mjög fullkominn FullHD 3D sjónvarpsflakkari sem tekur allt að 3TB harða diska. Nettengjanlegur, bæði þröðlaust 150Mbps og Gigabit með kapli. 2x USB tengi o.fl.

**FullHD 3D sjónvarpsflakkari**  
**TILBOÐ**

**17.989**  
FULLT VERÐ 31.989



**500w matvinnsluvél**  
**TILBOÐ**

**6.989**  
FULLT VERÐ 9.989

**700w örbylgjuofn**  
**TILBOÐ**

**9.989**  
FULLT VERÐ 14.989



Melissa 16330090

700W örbylgjuofn með 5 hitastillingum. 20 lítrar. 25,5sm diskur.

**60sm spansuðu helluborð**  
**TILBOÐ**

**39.989**  
FULLT VERÐ 69.989



60sm spansuðu helluborð með snertirofum. Tímastilling og Booster. Barnalæsing og glerkantur. Mál (bxhxd): 58x5.8x51sm

Beko H164400



Opið mán. - fös. kl. 11-19  
Laugardaga kl. 11-18  
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

UPPÁHALDS-  
TEIKNIMYNDAPERSÓNAN

„Ég verð að segja Tasmaníudjöfullinn eða Tási vegna þess hversu líkir við erum í fasi og útliti, sérstaklega um helgar.“

Þórður Gunnar Þorvaldsson tónlistarmaður.

## Kynnti sér starf tónlistarmannsins

Daníel Gunnarsson fór í starfsfræðslu til hljómsveitar og fékk að kynnst því hvernig tónlistarmenn vinna. Hann langar að starfa við tónlist í framtíðinni.

„Þetta er mjög góð hugmynd að maður geti valið það sem maður hefur áhuga á að starfa við í framtíðinni“, segir Daníel Gunnarsson, nemandi í Háaleitisskóla Álftamýri, en hann lauk nýverið við forvitnilega starfsfræðslu á vegum skólans, þegar hann fékk að fylgjast með störfum tónlistarmanna. Hann heimsótti Eyþór Inga og Atómskáldin á dögum.

Daníel spilar á gítar og hefur mikinn áhuga á tónlist og starfsfræðslu.

an því kærkomin. „Ég lærði mikið um starf tónlistarmanna og einnig mikið um hvernig hljóðver virka,“ bætir Daníel við.

Fanný Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi skólans, leggur mikla áherslu á að koma nemendum sínum í starfsfræðslu þangað sem þau vilja helst komast. „Ég reddaði öllu sem krakkarnir báðu um. Þau vildu kynna sér störf tónlistarmanna, fyrirsætna, flugmanna, störf landhelgisgæslunnar

og fjölda annarra starfa,“ útskýrir Fanný.

Hún segir þó að nemendafjöldi hafi þau áhrif að hægt sé að verða við bón krakkanna. „Það eru um 35 til 40 krakkar í tíunda bekk hjá okkur en ef ég ætти að skipuleggja fyrir stærri skóla þá gerði ég ekkert annað hálf árið,“ segir Fanný.

Daníel var hæstánægður með samveruna með tónlistarmönnum og stefnir ótraudur á að starfa sem tónlistarmaður.



SÆLL OG SÁTTUR Daníel Gunnarsson fór í nýstárlega starfsfræðslu á dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR LEÓ

f BYLGJAN989

#BYLGJAN

REYKJAVÍK  
SÍÐDEGIS  
ER Í LOFTINU

ÞORGEIR, KRISTÓFER OG BRAGI  
OG MÁLEFNI LÍÐANDI STUNDAR

VIRKA DAGA MILLI KL. 16:00 - 18:30



SIÓNVARP



BYLGJAN.IS



ÚTAPPÍÐ



FM 98.9

HLUSTUÐU  
HVAR SEM ER,  
HVENÆR SEM ER

BYLGJAN  
989



KENNIR AF ALVÖRU  
Natasha Monay Royal lærði sín fyrstu götudansspor á götunum í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Götudansinn er í blóðinu

Natasha Monay Royal hefur verið að kenna götudans á Íslandi síðan um aldamótin en hún segir þetta allt hafa byrjað í partíi í Kolaportinu.

„Það voru ekki til neindir skólar eða kennarar þegar ég var að byrja, allir sem voru að dansa voru í raun bara að kenna hver öðrum,“ segir götudansarinn Natasha Monay Royal en hún hefur verið að dansa síðan hún var tíu ára gömul. „Við flökkudum á milli hverfanna í New York að dansa við hiphopp og búa til okkar eigin spor og kenna þau síðan,“ segir Natasha sem bætir því við að hún hafi lært mikið af stóra bróður sínum sem dansaði götudans ásamt svonefndu „crewi“.

„Hann varð oft mjög pirradur að litla systir hans væri að elta hann og fylgjast með,“ segir Natasha og hlær. „Þeir æfðu sig alltaf í tómu húsi sem var verið að byggja, settu bara pappakassa á gólfid og dönsuðu á því,“ segir dansarinn sem ákvað einn daginn að hlaupa inn á æfinguna og sýna þeim hvað hún gat. „Ég var svo ung þá, þeim brá því þeir höfðu ekki hugmynd um að ég hafði verið að æfa,“ segir dansarinn en í kjölfarið var henni hleypt inn í „crewið“.

Natasha hefur búið á Íslandi í tæp

fimmán ár en hún segir að þetta hafi allt byrjað þegar hún var stödd í partíi í Kolaportinu í kringum 1998. „Þeir tæmdu Kolaportid því það var einhver stór hiphoppplötusnúður að spila um kvöldid. Síðan fannst mér tónlistin svo góð að ég einhvern veginn missti mig í dansinum,“ segir Natasha og hlær en stuttu eftir að hún hóf að rifja upp gamla takta frá götunum í New York þá tók hún eftir því að allir aðrir voru hættir að dansa og voru bara að horfa á hana. „Þau héldu örugglega að ég væri einhver brjálaðingur, ég var farin að snúa mér á hausnum og allt,“ segir götudansarinn en eftir atvikið kom maður til hennar og bauð henni starf sem danskennari við dansskólann sinn.

„Það var algjörlega engin menning í götudansinum áður en ég byrjaði að kenna herna. Mér fannst það mjög skrítið fyrst en ég byrjaði með átta nemendum og síðan stækkaði hópurinn alltaf jafnt og þétt. Þetta voru mest krakkar, ég kenndi Brynju Péturs frá því að hún var mjög ung, hún var mjög áhugasöm

Pað eru svo margir dansskólar að auglýsa að þeir kenni götudans en það er síðan ekkert eins og hann á að vera.

um götudans. Ég er farin að lenda mjög oft í því þegar ég er á gangi niðri í bæ að ég er stoppuð af einhverjum stelpum eða strákum sem segja mér að ég hafi kennt þeim götudans einhvern tíma,“ segir hún og viðurkennir að sér þyki mjög vænt um það.

„Það er mjög mikilvægt fyrir mér að fólk sem hefur áhuga á að læra götudans læri hann af alvöru. Það eru svo margir dansskólar að auglýsa að þeir kenni götudans en það er síðan ekkert eins og hann á að vera,“ segir Natasha sem kennir í Kramhúsinu. „Ísland hefur gríðarlega marga góða hiphopp og house-plötusnúða, en Íslendingar verða að læra að dansa við tónlistina, ekki bara að standa og hlusta!“

## Vildi ólmur öðlast meiri reynslu

Davíð Goði Þorvarðarson er ungur og efnilegur kvikmyndagerðamaður.

„Við pabbi keyptum okkur saman Canon 60D-myndavél og ég byrjaði fyrst á því að mynda. Síðan kviknaði áhugi hjá mér fyrir kvikmyndagerð. Ég er búinn að æfa mig mikið og hef mjög gott auga fyrir þessu,“ segir hinn 17 ára Davíð Goði Þorvarðarson sem stundar nám í Verslunarskólunum. Hann setti nýverið myndband inn á Youtube þar sem hann sýnir hæfileika sína, bæði í kvikmyndatöku og klippingu.

„Þetta sýnir örlítið minn stíl en myndbandið getur táknað hvað sem er fyrir hvern og einn. Það getur táknað lífið, dauðann og alla þá hringrás,“ segir Davíð Goði.

„Síðasta sumar var ég að vinna sem aðstoðarmaður á setti við bíómyndina Harry og Heimi því ég vildi ólmur öðlast meiri reynslu í bransanum. Einhvers staðar

→ Davíð setti nýverið myndband inn á Youtube þar sem hann sýnir hæfileika sína, bæði í kvikmyndatöku og klippingu.

verður maður að byrja,“ bætir hann við. Eftir að hafa verið aðstoðarmaður á setti, borid fram kaffi, fært til muni og sett leikmuni í kassa ákvað hann að stofna sitt eigið fyrirtæki ásamt vini sínum sem þeir kalla Deadflowers Studio. Þá er hægt að bóka þá félagi í tókur í brúðkaup, gæsa- og steggjapartíi eða önnur verkefni sem mikilvægt er að eiga til minningar. Þrátt fyrir ungan aldur stefnir Davíð Goði hátt og hyggst fara í kvikmyndanáms erlendis eftir Verslunarskólann.



ÁHUGASAMUR Davíð Goði vill læra meira. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM – GÆÐI Í GEGN



## Walton Tungusófi

Tungusófi með hvíldarstól í enda. Til hægri eða vinstri tunga í fjölmörgum litum, hvort sem tauáklæði eða alklæddur leðri.



## Gary

Vinsæll sófi með stuðninginn á réttum stöðum. Hvíldarstólar í endum, raf- eða handstýrðir. Alklæddur leðri eða tauáklæði í mörgum litum.



## Massa

Stílhreinn og flottur hvíldarsófi með háu baki. Raf- eða handstýrðir hvíldarstólar í endum. Til í mörgum litum alklæddur leðri eða tauáklæði.



## Gary

Einstaklega þægilegur hægindastóll. Sérstök mjóbaksbólstrun gerir þennan stól mjög þægilegan. Fáanlegur raf- eða handstýrður. Margir litir í boði, alklæddur leðri eða í tauáklæði.



## Ezzy

Nettur og góður hægindastóll með háu baki og stillanlegum hnakkapúða. Raf- eða handstýrður í mörgum litum, alklæddur leðri eða tauáklæði.



## Mobius

Í senn nettur og þægilegur hægindastóll. Klassísk en nútímaleg hönnun með þægindin í huga. Alklæddur leðri, fáanlegur í fjölmörgum litum.



## Tracy Lyftistóll

Fallegur og einfaldur í notkun fyrir þá sem að eiga erfitt með að standa upp úr stólum. Til bæði í tauáklæði og alklæddur leðri í nokkrum litum.



## Yuni

Fallegur horn og tungusófi. Fæst hægri eða vinstra horn, alklæddur leðri í mörgum litum eða tauáklæði. Nokkrar stærðarútfærslur í boði. Hvíldarstóll í enda.



## Espace

Smekklegur og nettur sófi sem frábært er að sitja í. Nokkrar stærðir í boði. Alklæddur leðri eða tauáklæði. Mikið litaúrval.



## Demetra svefnsofi

Glæsilegur og vandaður svefnsofi frá Ítalíu. Hægt að fá í mörgum útfærslum og litum m.a sem tungusófi.



## Rinoa tungusófi

Alklæddur leðri en einnig til með áklæði. Margar útfærslur og úrval lita. Hægri eða vinstri tungusófi



## Dawn tungusófi

Flottur og vandaður tungusófi, alklæddur þykku nautaleðri. Hægri eða vinstri tunga.



## Italiano

Flottur og mjög þægilegur sófi. Fáanlegur í nokkrum litum í leðri og áklæði.

Komdu í heimsókn  
– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

**LÚR**  
BETRI HVÍLD

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sannspá í Eurovision

Leik- og söngkonan **Selma Björnsdóttir** birti spá sína yfir hvaða lönd myndu hreppa fyrstu fimm sætin í Eurovision áður en kosningu var lokið. Selma tippaði á að Austurríki myndi fara með sigur af hólmi og var Selma þar alheilssannspá því austurríska draggrottingin Conchita Wurst bar sigur úr þytum með 290 stig. Selma spáði Svíþjóð 2. sæti, Armeníu því þriðja og setti Ungverjaland í fjórða og Holland í 5. sæti. Þótt Selma hafi ekki náð að tippa á rétt sæti voru þetta vissulega hinar fjórar þjóðirnar sem skipuðu topp fimm sætin. Selma er ekki ókunn keppninni og hefur tvisvar farið út fyrir Íslands hönd, árin 1999 og 2005, en árið 1999 náði hún næstum því að sigra með lagið All out of luck eins og flestir muna.



- lkg

### Fékk nokkrar vinabeiðnir

Hraðfréttamaðurinn **Benedikt Valsón** kynnti stig íslensku þjóðarinnar í Eurovision á laugardagskvöldið. Sló hann á léttu strengi og þótti standa sig með prýði í beinni útsendingu fyrir framan milljónir Evrópubúa. Bauð Benedikt gott kvöld á íslensku, dönsku, frönsku, spænsku og ensku og bætti við að hann væri í fátíðlegu stuði. „Ég hugsaði það hálf tíma fyrir útsendingu að það væri gaman að skella í nokkur tungumál. Ég var búinn að ákveða að tala spænsku fyrir systur mína sem býr úti. En þetta var frekar spontant,“ segir Benedikt. Hann segir viðtökurnar hafa verið góðar. „Ég fékk sms frá góðum vinum sem skiptir mestu máli. Síðan fékk ég nokkrar vinabeiðnir á Facebook og gott ef ég fékk ekki tvö til þrjú „poke“,“ bætur Benedikt við. Hann fór strax í Eurovision-partí eftir útsendinguna en gærdagurinn fór í lærdóm hjá spéfuglinum þar sem hann þarf að skila ritgerð í fjölmiðlafræði í dag en hann stundar nám í stjórnmála- og fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands.



- lkg

### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 „Kallinn er í fátíðlegu stuði“
- 2 „Þetta er algjörlega súrrealískt“
- 3 Fagnar City titlinum? | Allir leikirnir í beinni
- 4 Svona skiptust stig Íslands
- 5 Serbar vilja íslenskan unglingsmálsmann

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

## THE Dr. BREUS BED

- EINU RÚMIN SEM ERU HÖNNUÐ AF SVEFNLÆKNI

# 2014 LÍNAN ER KOMIN!

- ÞAÐ ALLRA NÝJASTA Í HEILSURÚMUM

## DR. MICHAEL BREUS PhD - OFT KALLAÐUR DR. SVEFN

Dr. Michael J. Breus er sálfræðingur sem hefur sérhæft sig í svefni. Hann er með diplóma frá The American Board of Sleep Medicine and Fellow of The American Academy of Sleep Medicine. Hann sérhæfir sig í svefnröskunum. Hann er einn af einungis 163 einstaklingum í heiminum með þessa menntun.

Dr. Breus er höfundur bókana The Sleep Doctor's Diet Plan: Lose Weight Through Better Sleep and GOOD NIGHT: The Sleep Doctor's 4 week Program to Better Sleep and Better Health hefur fengið stórglæsilega dóma og heldur áfram að breyta lífi lesenda til hins betra. Sú bók er á lista yfir 100 mest seldu bækur á Amazon.

Dr. Breus er hönnuður og framleiðandi The Dr. Breus Bed, en það eru fyrstu og einu rúmin sem hönnuð eru af svefnlækni. Hann hannar og framleiðir rúm í samstarfi við King Koil.

### Þín svefn - Þín heilsa - Þitt líf

Fáðu meiri upplýsingar um Dr. Breus og rúmin hans á [www.rekkjan.is](http://www.rekkjan.is)



## The Dr. Breus Bed®

20 ÁRA  
ÁBYRGD

comfort solutions.  
never stop dreaming™

Rúmin frá Dr. Breus eru hönnuð eftir fjórum grundvallarreglum:

#### 1. Stöðugt og rétt hitastig

Dýnurnar innihalda einstakt efni sem kallað er TempSense. Efnið er einungis að finna í rúmunum frá The Dr. Breus Bed línunni. Efnið viðheldur jöfnum hita í efsta lagi dýnunnar alla nóttina.

#### 2. Þrýstijöfnun

Með því að finna enga álagspunkta er auðveldara fyrir fólk að ná djúpsvefni, blóðflæði um líkamann er eðlilegt og fólk hættir að rjúfa svefn og vakna á nóttunni.

#### 3. Fullkomin slökun

Mikilvægt er að dýnan sé svæðaskipt þannig að hún gefur eftir á réttum stöðum. Þannig liggur fólk beint í rúminu og vöðvar fá fullkomna slökun.

#### 4. Engin hreyfing í dýnunni

Margir glíma við það vandamál að maki er að bylta sér í rúminu með þeim afleiðingum að fólk rýfur svefn og vaknar. The Dr. Breus Bed eru hönnuð þannig að þótt að einhver sé að bylta sér í rúminu, eða setjast á það þá finnst lítil sem engin hreyfing á öðrum svæðum dýnunnar.

## CONTINUITY (Queen Size 153x203 cm)

NÚ MED 20% KYNNINGARAFSLÆTTI

Verð áður 297.400 kr. **VERÐ NÚ 237.920 kr.**



rekkjan

HEILSURÚM